



**SKOÐUN** Framkvæmdastjóri LÍÚ segir fjárhæð veiðigjaldsins í drullupóli umræðunnar. **12**



**MENNING** Eldraunin ættil að vera skylduáhorf að mati gagnrýnanda. **18**



**LÍFID** Rannveig Marta Sarc fíðuleikari komst inn í sex tónlistarháskóla. **26**



**SPORT** Elsa Sæný Valgeirsdóttir er blakdrottningin í Fagralundi. **22**

**LANDMARK**

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

28. apríl 2014

98. tölublað 14. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Mögulegt að kaupa upp net

Verði sannað að urriði í Þingvallavatni sé drepinn í stjórnum stíl á stöng og í net þarf að taka á því, segir Þjóðgarðsvörður. Formaður Veiðifélags Þingvallavatns segir netaveiði bænda ábyrga. **10**

### Jólasveinar missa póstkassa

Skípulagsnefnd Akureyrar neitar að framlengja stöðuleyfi fyrir póstkassa jólasveinanna í göngugötu bæjarins. **2**

**Heilsubrestur frá hruni** Andlegri líðan landans hefur hrakað frá hruni að því er fram kemur í doktorsritgerð sem varin verður á morgun. **4**

**Göng bæta mannlíf** Í nýrri grein fræðimanna við Háskólann á Akureyri eru sögð skýr merki um jákvæða byggðapróun í Fjallabyggð eftir opnun Héðinsfjarðarganga. **6**



Bolungarvík	2°	SA	5
Akureyri	3°	A	3
Egilsstaðir	1°	NA	5
Kirkjubæjarkl.	4°	A	4
Reykjavík	8°	SA	2

**Svalt N-til** Í dag verður yfirleitt hægur vindur, það léttir til norðanlands en þykkar upp sunnan- og suðvestan til með stöku skúrum. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



# Leiga hækkað um allt að 29%

Leiguverð á íbúðarhúsnæði hefur hækkað um að meðaltali 8,8% á einu ári. Hækkunin er langt umfram verðbólgu. Leiga á tveggja herbergja íbúð í Breiðholti hækkadi um 28 þúsund krónur á mánuði. Lækkar á einstaka svæðum.

**HÚSNÆÐISMÁL** Dæmi eru um að leiguverð á íbúðarhúsnæði hafi hækkað um 29 prósent á einu ári á ákveðnum svæðum og tegundum íbúða í Reykjavík.

Leiguverð hefur að meðaltali hækkað um 8,2 prósent á landinu öllu síðasta árið. Þetta má sjá með því að bera saman samantekt Þjóðskrár Íslands á meðalverði á nýjum leigusamningum í mars síðastliðnum og í sama mánuði í fyrra. Hækkunin er langt umfram verðbólgu, sem var 2,2 prósent á sama tímabili.

Húsaleigan hefur hækkað mest um 29 prósent á tveggja herbergja íbúðum í Breiðholti. Sé miðað við 60 fermetra íbúð hækkadi leigan að meðaltali úr tæpum 98 þúsund krónum á mánuði í tæplega 126 þúsund, eða um 28 þúsund krónur á mánuði.

Hækkunin er minni á öðrum svæðum, en er á bilinu 20 til 23 prósent á nokkrum stöðum, til dæmis á smæstu íbúðunum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, og í stærstu íbúðunum í Grafarvogi, Grafarholti, Árbæ og nágrenni.

Annars staðar lækkar leigan, til dæmis um 19 prósent á stærstu íbúðunum miðsvæðis í Reykjavík. „Okkar félagsmenn eru að finna fyrir þessum hækkunum,“ segir Jóhann Már Sigurbjörnsson, formaður Samtaka leigjenda á Íslandi. „Ef leiguverðið á að vera svona hátt áfram þurfa leigjendur að fá meiri stuðning til að ná endum saman.“

Jóhann segir leiguverðið orðið þannig miðsvæðis í Reykjavík að fólk sé farið að halda sig frá miðbænum. „Verðið sem er í gangi

„Ef leiguverðið á að vera svona hátt áfram þurfa leigjendur að fá meiri stuðning til að ná endum saman.“

Jóhann Már Sigurbjörnsson, formaður Samtaka leigjenda

þar er ekkert fyrir hinn venjulega meðaljón. Menn leita frekar í úthverfin þar sem leigan er há, en þó lægri en í og við miðborgina.“

- bj / sjá síðu 4



**GLAÐUR SIGURVEGARI** Dansarinn Brynjar Dagur var að vonum ánægður með árangurinn þegar tilkynnt var um sigur hans í hæfileikakeppninni Ísland got talent í beinni útsendingu á Stöð 2 í gærkvöldi. Hann hlýtur 10 milljónir króna í verðlaun. Auðunn Blöndal kynnir tekur hér utan um verðlaunahafann, en Jón Arnór Pétursson, sjö ára töframaður sem varð í öðru sæti fylgisti með.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Ólafur Arnalds hlaut BAFTA-verðlaunin fyrir frumsamda tónlist í sjónvarpi: Maður er bara hálf sjokkeraður

**MENNING** Tónskáldið Ólafur Arnalds hlaut í gær sjónvarpsverðlaun BAFTA, Bresku kvikmynda- og sjónvarpsáttakademíunnar. Ólafur sigraði í flokknum frumsamin tónlist í sjónvarpi, fyrir tónlistina í þáttunum Broadchurch sem sýndir voru á BBC og einnig á Stöð 2.

„Mér líður bara gríðarlega vel. Þetta er geggjað, maður er bara hálf sjokkeraður,“ sagði Ólafur himinlifandi, skömmu eftir að hafa veitt verðlaununum viðtöku í Lundúnum í gærkvöldi. „Þetta kom mér svo mikið á óvart, ég hélt aldrei að ég myndi fá þetta. Ég er búinn að vera í sjokki í klukkutíma. Búinn að vera í hringið af fólki að grípa í mann og viðtölum.“

Vinna stendur nú yfir af annarri þáttaröð sem og bandarískri útgáfu af þáttunum.

Aðrir sem voru tilnefndir í flokknum voru Martin Phipps fyrir þættina Peaky Blinders, Mark Bradshaw fyrir Top of the Lake og Paul Englishby fyrir Luther. BAFTA heldur árlega hátíð og veitir verðlaun fyrir árangur í kvikmyndum, sjónvarpi, teiknimyndum og tölvuleikjum.



**EFTIR VERÐLAUNAAFHENDINGUNA** Victoria Wood og Ólafur Arnalds stilltu sér upp eftir að hafa verið verðlaunuð fyrir tónlistina í sjónvarpsþáttunum Broadchurch.

NORDICPHOTOS/GETTY

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

24/7

1011



LÉTT OG LAKTÓSAFRÍ



## SPURNING DAGSINS



Unnur, er gaman að grínast svona fyrir gigg?

„Stundum, fyrir gigg, er gott að grínast.“

Tónlistarkonan Unnur Birna Björnsdóttir hefur að undanfögnu birt skemmtileg myndbönd á Facebook-síðu sinni, þar sem hún gerir létt grín að tónlistarbransanum.

## Veiting Jöklu yfir í Lagarfljót hefur áhrif á samgöngur og fjarskipti á Héraði: Vatn og ís ógnar Lagarfljótsbrú

**SAMGÖNGUR** Brúin yfir Lagarfljót við Egilsstaði er í hættu að sögn bæjarráðs Fljótsdalshéraðs.

„Aukið vatnsmagn í Lagarfljóti og ísmyndun við brúna hefur leitt af sér raunverulegar áhyggjur af því að brúin geti við tiltekna aðstæður verið í hættu með alvarlegum afleiðingum, ekki síst þar sem vatnslagnir og rafmagns- og gagnakaplar liggja um brúna,“ segir í umsögn bæjarráðsins um þingsályktunartillögu um fjögurra ára samgönguáætlun 2013-2016.

„Sveitarfélagið leggur áherslu á að gert verði ráð fyrir gerð nýrrar brúar yfir Lagarfljót á samgönguáætlun,“ segir bæjarráðið. Einnig er lögð áhersla á önnur samgönguverkefni. Meðal þess er stækkun flughlaða við Egilsstaðaflugvöll og gerð Fjarðarheiðaganga, milli Héraðs og Seyðisfjarðar. „Ljóst er að bæði Fljótsdalshérað og Seyðisfjörður myndu hafa verulegan ábata af gerð ganganna enda um að ræða nauðsynlega samgöngubót sem styðja myndi við atvinnulíf.“ -gar



**LAGARFLJÓTSBRÚ** Við vissar aðstæður er brúin í hættu segja Héraðsbúar sem vilja nýja brú. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Með kerrufylli af matvælum: Gripnir við stuld í Bónus

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn voru staðnir að tilraun til þjófnaðar í verslun Bónus í Fitjum í Reykjanesbæ um hádegisbil í gær. Þeir höfðu fyllt innkaupakerru af matvælum og voru að hlaða þýfinu í bíl þegar viðskiptavinir gerðu starfsfólki viðvar. Þegar þjófarnir urðu varir við starfsmenn lögðu þeir hlaupandi á flótta. Lögregla handsamaði annan við Víkingaheima.

Lögreglan á Suðurnesjum vildi ekki láta annað uppi um málið en að það væri í rannsókn. -óka



**GLÖDDU UNGVIÐIÐ** Stjórnumar í Pollapönki stilltu sér upp með ungum addendum á Selfossi eftir lokatónleika sína á laugardag fyrir brottför til Danmerkur að keppa í Eurovision.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKA

Pollapönkarar glöddu börn áður en landið var kvatt:

## Farnir út að sigra í Eurovision

**MENNING** „Vitið þið hvað? Þetta eru síðustu tónleikarnir okkar áður en við fljúgum til Danmerkur til að sigra í Eurovision,“ sagði Heiðar Örn Kristjánsson, gítarleikari og söngvari í Pollapönki, við unga addendum á tónleikum sem haldnir voru fyrir börn á Fróni á Selfossi á laugardag.

Sveitin, ásamt fylgilliði, þar á meðal Óttari Proppé, tónlistarmanni og þingmanni, flaug út aðfaranótt sunnudags. Snæbjörn Ragnarsson Skálmaldar maður, sem líka leggur Pollapönkurum lið í bakröðum, var á tónleikaferðalagi og hittir félagi sína í Kaupmannahöfn. Keppnin fer fram 6., 8. og 10. maí næstkomandi. -óka

Ársfundur Byggðastofnunar:

## Ráðherra skipar nýja stjórn

**STJÓRNSÝSLA** Ársfundur Byggðastofnunar verður haldinn í dag í Miðgarði í Skagafirði. Á ársfundinum mun Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra byggðamála, skipa nýja stjórn stofnunarinnar.

Samkvæmt heimildum blaðsins verður ekki skipt um formann stjórnar, sem skipaður var árið 2011 af Katrínu Júlíusdóttur, fyrrverandi ráðherra byggðamála.

Á fundinum verður einnig haldin málstofa undir yfirskriftinni „Hvernig má svæðisskipta Íslandi með tilliti til byggðaaðgerða?“

Hagnaður af rekstri Byggðastofnunar var 189 milljónir árið 2013.

-sa

Áfram í Sjálfstæðisflokknum:

## Gagnrýnir evrópustefnu

**STJÓRNMÁL** „Ég ætla að vera áfram í Sjálfstæðisflokknum,“ sagði Ragnheiður Ríkhardsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, í þættinum Sunnudagsmorgunn í gær. Hún segist ekki ætla að ganga í nýjan evrópusinnaðan hægriflokk en gagnrýnir þó harðlega stefnu flokksins í evrópumálum og telur hana einstrengislega.

Ragnheiður sagðist ekki gefa mikið fyrir skrif Davíðs Oddssonar í Morgunblaðið. „Mér finnst það vera svo mikil fyrirliðing á skoðunum annarra að ég get ekki samsamað mig með slíku fólki.“ -hpa

# Jólasveinarnir missa póstkassa á Akureyri

Skipulagsnefnd Akureyrar neitar að framlengja stöduleyfi fyrir póstkassa jólasveinanna í göngugötu bæjarins. Eigandinn segir mikla möguleika felast í hugmyndinni en að samskiptin við stjórnsýsluna séu eins og að tala við karlinn í tunglinu.

**SKIPULAGSMÁL** „Það er talað um að sækja fram í alls konar ferðaþjónustu en þegar menn eru með góðar hugmyndir þá ganga þeir bara á vegg,“ segir Guðmundur R. Lúðvíksson, sem skikkaður hefur verið til að fjarlægja póstkassa jólasveinanna úr göngugötu á Akureyri.

Guðmundur setti póstkassa jólasveinanna upp á göngugötu fyrir ári. Sams konar póstkassi er við Litlu jólabúðina á Laugavegi og kassi var einnig í stuttan tíma í Leifsstöð.

Póstkassarnir virka þannig að keypt eru sérstök kort á um 1.500 krónur sem fyllt eru út með nöfnum barna og óskum til jólasveinsins og síðan sett í póstkassana. Guðmundur segir sig og eiginkonu sína síðan svara hverju bréfi samviskulega og láta litla gjöf frá jólasveininum fylgja.

„Við fengum á þriðja þúsund bréf í fyrra. Að lesa þau er alveg ótrúlegt. Fólk hrósar landinu mikið og er að opna sig algerlega fyrir jólasveininum. Það segir frá ástarævintýrum og skilnuðum. Ein missti manninn sinn en ákvað samt að koma til Íslands og það um bréf frá jólasveininum. Þetta er alveg magnað og hugmyndin var að geyma bréfin fyrir bók seinna meir,“ segir Guðmundur.

Skipulagsnefnd Akureyrar hefur nú hafnað ósk Guðmundar um áframhaldandi leyfi fyrir póstkassa jólasveinanna í göngugötu. „Skipulagsnefnd telur frágangi og umsjón póstkassans ábótavant,“ segir í afgreiðslu nefndarinnar, sem gefur Guðmundi frest til 1. maí til að fjarlægja kassann.



**JÓLASVEINAPÓSTUR** Í miðri göngugötu á Akureyri er tilvist póstkassa jólasveinanna að renna sitt skeið á enda eftir eins árs stöduleyfi. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Ein missti manninn sinn en ákvað samt að koma til Íslands og það um bréf frá jólasveininum.“

Guðmundur R. Lúðvíksson, eigandi póstkassa jólasveinanna.



Guðmundur segir þetta koma sér spánkt fyrir sjónir. Hann hafi aldrei fengið athugasemdir um póstkassann.

„Við reyndum líka að fá leyfi frá Reykjavíkurborg til að vera með einn kassa en það var eins og að tala við karlinn í tunglinu. Það spjallast í þessari afgreiðslu á

Akureyri,“ segir Guðmundur sem kveður atvinnuveg geta falist í að svara bréfum til jólasveinsins. „Það er skemmtilegt að fólk geti sest niður og skrifað bréf til jólasveinsins og fengið svo kveðju og litla gjöf fyrir jólin kannski sjö mánuðum síðar.“

gar@frettabladid.is

Rannsókn ríkissaksóknara á skotárás mun taka nokkrar vikur til viðbótar:

## Bið eftir krufningu gæti styst

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari hefur enn ekki fengið krufningarskýrslu frá réttarmeinafræðingi vegna rannsóknar embættisins á atviki í Hraunbæ í desember þar sem lögreglumenn skutu mann til bana.

Rannsóknin er þrátt fyrir það langt komin og má búast við niðurstöðu innan nokkurra vikna, segir Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Hún segir að undanfarin ár hafi verið talsvert löng bið eftir krufningarskýrslum þar sem réttarmeinafræðingurinn sem hefur sinnt þeim er þýskur og hefur ekki búið hér á landi, auk þess sem hann hefur haft önnur verkefni á sinni könnu.

„Þessi bið er og hefur verið bagaleg,“ segir Sigríður. Hún segir þetta standa til bóta, enda hafi nýr réttarmeinafræðingur búsettur hér á landi tekið við keflinu. „Ég vona að gerð krufningarskýrslna taki styttri tíma í framtíðinni.“

Þýski réttarmeinafræðingurinn var þó enn við störf þegar maðurinn í Hraunbæ lést, og þarf hann því að klára sína skýrslu um krufninguna. „Mér skilst að skýrslan sé við það að líta dagsins ljós,“ segir Sigríður. Ríkissaksóknari rannsakar hvort aðgerðir lögreglu í



**SKOTBARDAGI** Lögreglumenn skiptust á skotum við 59 ára mann í Hraunbænum í desember. Lögreglumenn skutu manninn að endingu til bana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

og við Hraunbæ 20 þann 2. desember síðastliðinn hafi verið í samræmi við lög og verklagsreglur lögreglu um beitingu skotvopna. Lögreglumenn skutu til bana 59 ára karlmann sem hafði skipst á skotum við lögreglu og meðal annars hæft hjálm eins lögreglumanns. Maðurinn hafði átt við geðræn vandamál að stríða. -bj



Kringlunni  
Sími 568 7777  
heyarnarstodin.is

**HEYRNARSTÖÐIN**





# RAV4 ÆVINTÝRIÐ BÍÐUR



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY



Uppgötvaðu ævintýrin í lífi þínu á ný. Það er innblásturinn að endurhönnun RAV4 sem gerir hann fullkominn félagi á skemmtiferðum með vinum og fjölskyldu. RAV4 hefur burði til að koma þér þangað sem hugurinn leitar með nægu rými fyrir farþega og farangur. Njóttu þess að rata í ný ævintýri á hljóðlátum og öruggum fararskjóta með framúrskarandi akstureiginleika. Komdu og reynsluaktu alveg nýrri kynslóð af RAV4.

Ævintýrið bíður.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Verð frá: 5.440.000 kr.



**Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo**  
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að láni án vaxta í allt að þrjú ár.

**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgjöfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. RAV4 2.2i dísil var prófaður og fékk fimm stjörnur á öryggisprófi Euro NCAP. 40% vaxtalaus lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



SVONA ERUM VIÐ



**4.711** íslensk vegabréf voru gefin út í mars síðastliðnum.

Alls voru 5.536 gefin út í mars í fyrra og hefur fjöldinn því dregist saman um 14,9% milli ára.

Heimild: Þjóðskrá Íslands

# Streita og þunglyndi hafa aukist í kjölfar efnahagshrunsins fyrir sex árum: Minna reykt og betur burstað

**LÝÐHEILSA** Andleg líðan Íslendinga hefur versnað frá hruni, þá helst með auknu þunglyndi og streitu. Þetta kemur fram í doktorsritgerð Christophers Bruce McClure við læknadeild Háskóla Íslands. Hann ver ritgerðina á morgun, en hún nefnist „Andleg líðan og heilsutengd hegðun í kjölfar efnahagsþrenginga – Áhrif á Ísland“.

Markmið rannsóknarinnar var að grannskoða áhrif efnahagshrunsins á andlega líðan



CHRISTOPHER B. MCCLURE

ar og nota tannþráð vegna þess hve kostnaðarsamt það sé að fara til tannlæknis.

og heilsutengda hegðun.

Einnig komu fram breytingar á tannheilsu og algengi reykinga. MacClure segir það líklegt að fólk sé nú duglegra að burstu tennurnar og nota tannþráð vegna þess hve kostnaðarsamt það sé að fara til tannlæknis.

## Flóð ríða yfir í Afganistan: 111 látnir og þúsund á flóttu

**AFGHANISTAN, AP** Flóð hafa banað yfir hundrað manns í norðanverðu Afganistan. Rúmlega þúsund hafa neyðst til þess að flýja heimili sín eftir að hafa misst húsakynni, uppskeru og búfénað.

Afganski herinn hefur unnið að björgunarstarfi og hefur notað þyrlur og ferjur til þess að koma vistum og hjálpargögnum til fólks.

Haft er eftir talsmanni almannavarna í Afganistan að rúmlega 111 lík hafi fundist og að tuttugu manns sé enn saknað.



**LAGARFLJÓT** Landskemmdir eru við Lagarfljót.

## Funda með landeigendum: Kæra synjun Orkustofnunar

**UMHVERFISMÁL** Orkustofnun hafnar ósk um að taka upp aftur mál frá Fljótsdalshéraði um skilmála virkjunarleyfa Kárahnjúka- og Lagarfossvirkjunar. Bæjarráð hefur falið bæjarstjóranum að óska eftir fundi með landeigendum um stöðu málsins við fyrsta tækifæri.

„Jafnframt heimilar bæjarráðs bæjarstjóra, í samráði við lögmann og bæjarráð, að kæra höfnun Orkustofnunar á endurupp-töku málsins,“ segir í samþykkt. Héraðsbúar telja að farið sé út fyrir skilmála virkjunarleyfanna með of miklu vatnsmagni í Lagarfljóti.

-gar

## Reynt að afstýra verkfalli: Styttist í boðað verkfall FFR

**KJARADEILUR** Fullskipaðar samninganeftir Félags flugmála-starfsmanna ríkisins (FFR) og Samtaka atvinnulífsins (SA) hittast hjá Ríkissáttasemjara í dag.

Boðað verkfall flugvallarstarfsmanna hefst á miðvikudag hafi ekki samist fyrir þann tíma eða lög verið sett á verkfall.

Síðdegis í gær hittast forystumenn SA og FFR á stuttum fundi. Á honum var ákveðið að halda viðræðum áfram í dag og reyna til þrautar að ná samkomulagi.

-jme

# Leiguverð hækkað um 8,2%

Leiguverð í nýjum samningum um leigu á íbúðarhúsnæði hefur hækkað um allt að 29 prósent á einu ári á sumum svæðum. Leigjendur þurfa meiri stuðning eigi leigan að vera áfram svona há segir talsmaður leigjenda.

**HÚSNÆÐISMÁL** Leiguverð á íbúðarhúsnæði hefur hækkað um að meðaltali 8,2 prósent síðustu tólf mánuði, samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Hækkunin er langt umfram 2,2 prósentu verðbólgu síðustu tólf mánuði.

Þetta má lesa úr samantekt Þjóðskrár á leiguverði í nýjum leigusamningum sem þinglýst var í mars síðastliðnum og samanburði við sams konar samantekt í mars í fyrra.

„Okkar félagsmenn eru að finna fyrir þessum hækkunum,“ segir Jóhann Már Sigurbjörnsson, formaður Samtaka leigjenda á Íslandi.

Hann segir stjórnvöld hafa stutt við fasteignaeigendur með sérstökum vaxtabótum frá árinu 2009 en leigjendur hafi setið eftir. „Ef leiguverðið á að vera svona hátt áfram þurfa leigjendur að fá meiri stuðning til að ná endum saman,“ segir Jóhann.

Þegar leigusamningarnir eru skoðaðir eftir svæðum og stærð íbúða má sjá að hækkunin er afar misjöfn, og í einhverjum tilvikum hefur leigan lækkað.

Hækkunin er mest á tveggja herbergja íbúðum í Breiðholti. Meðalverð á fermetra á nýjum leigusamningum í mars síðastliðnum var 29 prósentum hærra en á nýjum samningum í mars í fyrra.

Leiguverð fyrir tveggja herbergja íbúðir í Kópavogi hefur einnig hækkað verulega, um 21 prósent milli ára.

Fermetraverðið í nýjum leigusamningum er hæst á stúdíóíbúðum í Reykjavík á milli Kringlumýrabrautar og Reykjanesbrautar. Á þessu svæði kostar fermetrinn um 2.274 krónur. Verðið er litlu lægra í Reykjavík vestan Kringlumýrabrautar, 2.247 krónur.

Leiguverðið er almennt hæst miðsvæðis í Reykjavík, en lækkar talsvert því lengra sem farið er frá dýrasta svæðinu.

Jóhann segir leiguverðið orðið



**BREIÐHOLT** Leiguverð á tveggja herbergja íbúðum í Breiðholti hefur hækkað um 29 prósent á einu ári miðað við samanburð á nýjum leigusamningum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## NOKKUR DÆMI UM BREYTINGAR Á LEIGUVERÐI Á LANDINU

Dæmi	apríl 2013	apríl 2014	munur í prósentum
1 Tveggja herbergja 60 fermetra íbúð í Reykjavík vestan Kringlumýrabrautar	120.120	134.820	▲12,2%
2 Þriggja herbergja 75 fermetra íbúð í Reykjavík milli Kringlumýrabrautar og Reykjanesbrautar	105.000	119.625	▲13,9%
3 Tveggja herbergja 60 fermetra íbúð í Breiðholti í Reykjavík	97.800	125.940	▲28,8%
4 Fjögurra herbergja 125 fermetra íbúð í Hafnarfirði	162.750	192.375	▲18,2%
5 Fimm herbergja 150 fermetra íbúð í á Vesturlandi	157.350	145.800	▼7,3%

krónur krónur

þannig miðsvæðis í Reykjavík að fólk sé farið að halda sig frá miðbænum. „Verðið sem er í gangi þar er ekkert fyrir hinn venjulega meðalþing. Menn leita frekar í úthverfin þar sem leigan er há, en þó lægri en í og við miðborgina.“

Samtök leigjenda á Íslandi gagnrýna stjórnvöld harðlega fyrir áform um niðurfellingu á hluta höfuðstóls fasteignalána, og segja ekki komið til móts við leigjendur.

„Við köllum einfaldlega eftir því að jafnræðis sé gætt í þessum

málum,“ segir Jóhann. Hann bendir á að margir hafi kosið að vera frekar á leigumarkaði en að kaupa fasteign í aðdraganda hrunsins þar sem þeir hafi óttast áhrif verðþryggingarinnar. Nú séu þeir verðlaunadír sem hafi tekið áhættu, en þeir sem hafi farið varlega sitji eftir með sífellt hækkandi leiguverð.

Jóhann segir einu úrræði stjórnvalda sem geti nýst leigjendum þau að safna fyrir útborgun með sér eignarsparnaði. Til að ná að safna hámarksupphæð, 1,5 milljónum á

þremur árum, þurfi mánaðarlaunin að vera nærri 600 þúsund, og minnihluti þjóðarinnar sé með slíkar tekjur.

Hann bendir á að 1,5 milljónir hrökkvi skammt við kaup á íbúð. Reikna megi með því að þurfa að eiga rúmar fjórar milljónir til að kaupa tveggja herbergja íbúð. Þá sé ekki tiltekið í frumvarpi stjórnvalda hvað verði um þann sparnað sem ekki sé hægt að nýta til fasteignakaupa.

brjann@frettabladid.is



**IS Ideal STANDARD**

**Sturtuset**

Verð frá kr. 66.900


**IOI ÍSLEIFUR JÓNSSON**

Gæði fara aldrei úr tísku

Draghals 14 - 16 | Sími 4 12 12 00 | 110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01 | www.isleifur.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 24°	Friedrichshafen 12°	New York 17°
Apena 20°	Gautaborg 15°	Orlando 31°
Basel 14°	Kaupmannahöfn 15°	Ósló 21°
Berlín 21°	Las Palmas 23°	París 14°
Billund 18°	London 16°	San Francisco 17°
Frankfurt 18°	Mallorca 23°	Stokkhólmur 18°

**Á MORGUN**  
Hæg breytileg átt en strekklingur syðst.

**MIÐVIKUDAGUR**  
Yfirleitt hæg A-átt en hvassara við S-ströndina.

**Soffía Sveinsdóttir**  
veðurfréttamaður

**SVALT N- OG NA-TIL** Það léttir til norðanlands í dag en þykkar upp sunnan- og suðvestantil með stöku skúrum. Á morgun verður fremur skjáð vestantil en annars bjart með köflum. Áfram verður fremur kalt á norðan- og norðaustanverðu landinu.

**AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonlaf@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sværir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is

**FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnurut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is





Verð: 1.690.000 kr.

**Mazda Touring Plus** LV832  
Skráður ágúst 2008, 1,6i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 88.000 km.



Tilboð: 2.090.000 kr.

**Ford Explorer Eddie 4x4** RJ109  
Skráður ágúst 2006, 4,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 94.000 km.  
Ásett verð: 2.390.000 kr.



Tilboð: 3.190.000 kr.

**Ford Focus Trend** UVA01  
Skráður nóvember 2012, 1,0i bensín, 6 gíra.  
Ekinn 22.000 km.  
Ásett verð: 3.390.000 kr.



Verð: 1.990.000 kr.

**Ford Escape XLT** UU058  
Skráður ágúst 2007, 3,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 108.000 km.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*



Tilboð: 1.390.000 kr.

**Hyundai i30 Classic** TOH76  
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, beinsk.  
Ekinn 95.000 km.  
Ásett verð: 1.690.000 kr.



Tilboð: 1.990.000 kr.

**Kia Sorrento EX AWD** SN967  
Skráður febr. 2006, 3,5i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 140.000 km.  
Ásett verð: 2.290.000 kr.



Tilboð: 890.000 kr.

**Renault Laguna** AO856  
Skráður sept. 2005, 2,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 158.000 km.  
Ásett verð: 1.290.000 kr.

### FINNDU BÍLINN ÞINN



# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

## TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN  
ÞINN OG VIÐ GERUM  
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.  
ENGIN SKULDBINDING



Tilboð: 890.000 kr.

**Ford C-MaxTrend** UI839  
Skráður ágúst 2005, 1,6i bensín, beinsk.  
Ekinn 94.000 km.  
Ásett verð: 1.190.000 kr.



Tilboð: 1.990.000 kr.

**Toyota Auris** MXJ73  
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.  
Ekinn 70.000 km.  
Ásett verð: 2.190.000 kr.

**BÍLADÍLL DAGSINS!**  
Hafðu samband  
strax!



Tilboð: 1.290.000 kr.

**Nissan X-Trail Elegance** KN151  
Skráður maí 2006, 2,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 127.000 km.  
Ásett verð: 1.690.000 kr.



Tilboð: 5.450.000

**Toyota Land Cruiser 120 VX ADH19**  
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.  
Ekinn 133.000 km.  
Ásett verð: 5.790.000 kr.



Tilboð: 2.090.000 kr.

**Citroën C3 Exclusive** MRN04  
Skráður apríl 2012, 1,6i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 42.000 km.  
Ásett verð: 2.390.000 kr.



Tilboð: 1.290.000 kr.

**Audi A6** UZ308  
Skráður febr. 2004, 2,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 137.000 km.  
Ásett verð: 1.490.000 kr.



Tilboð: 2.390.000 kr.

**Ford Explorer XLT Sport 4x4** NV751  
Skráður maí 2007, 4,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 110.000 km.  
Ásett verð: 2.690.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara  
beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

**50** ár í bílgraininni  
  
Öruggur staður til að vera á



## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað kostar róðukrossinn, sem er til sölu í Safnarmiðstöðinni?
2. Frá hvaða bæjarfélagi koma unglingarnir, sem kynntu svokallaða Vinaviku í höfuðborginni um helgina?
3. Morðmál hvaða manns, rannsakar leikhópurinn Kriðpleir um þessar mundir?

SVÖR

Mál Jóns Hreggviðssonar.  
1. 4,8 milljónir króna. 2. Frá Vopnabíli. 3.

Sjö erindrekum ÖSE enn haldið föngnum í austanverðri Úkraínu:

## Aðskilnaðarsinnar sleppa majór

**ÚKRAÍNA, AP** Úkraínskir aðskilnaðarsinnar létu sænska majórinn Thomas Johansson lausan úr haldi í gær. Sjö evrópskum eftirlitsmönnum er enn haldið föngnum í Slovýansk. Ráðhús borgarinnar, sem er í austanverðri Úkraínu, hefur orðið að miðstöð aðskilnaðarsinna.

Fyrr um daginn höfðu áttmennigarnir komið fram opinberlega og fullyrt að komið væri fram við þá á mannúðlegan hátt.

Þeir voru handteknir á þeim forsendum að aðskilnaðarsinnar töldu

þá vera njósnara Atlantshafsbandalagsins (NATO). Þetta hefur forsvarsmáður hópsins, Axel Schneider þvertakið fyrir, og segir þá vera erindreka Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).

Eftir blaðamannafund í gær sást til Johansson þar sem hann steig upp í bifreið ÖSE og yfirgaf Slovýansk. Í frétt BBC um málið segir að forsvarsmáður aðskilnaðarsinna hafi látið í ljós að Johansson hafi verið sleppt vegna heilsufarsástæðna.



**HERBÚNINGUR AÐSKILNAÐARSINNA**  
Aðskilnaðarsinnar klæðast svörtum lambhúshettum og úlpum í felulitum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vilja þjóðaratkvæðagreiðslu: 54 þúsund skrifuðu undir

**STJÓRN MÁL** Tæplega 54 þúsund manns skrifuðu undir áskorun til Alþingis um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um áframhald viðræðna við Evrópusambandið.

Söfnuninni lauk í gær. Hún hafði þá staðið í 63 daga, einn dag fyrir hvern þingmann á Alþingi.

Aðstandendur söfnunarinnar segja að afhenda eigi undirskriftirnar um mánaðamótin. Áður en þær verða afhentar þarf að ganga frá nafnalistum, keyra saman við þjóðskrá og búa til prentunar.

## HÁTÍÐNI- VIÐSKIPTI Á VERÐBRÉFA- MARKAÐI



### Jim McTague

heldur fyrirlestur í Öskju, N-132  
þriðjudaginn 29. apríl. kl. 12-13:30

Hann mun fjalla um forrituð viðskipti á verðbréfamörkuðum þar sem mannshöndin kemur hvergi nærri. Hvernig leiknum verðbréfamíðlurum tókst að gera verðbréfamarkaði að spilavítum án þess að eftirlitsaðilar gætu rönd við reist.

Jim Mc Tague hefur starfað við blaðamennsku frá 1972 og er nú ritstjóri fjármálaritsins BARON. Hann fjallar einkum um afskipti forsetans og þingsins í Bandaríkjunum af fjármálamarkaðnum.

Aðgangur ókeypis, allir velkomnir!

HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD

AMIS  
Amerísk-íslenska viðskiptaráðið

Samtök  
sparifjáreigenda

## Sjá skýr merki um jákvæða byggðapróun

Út er komin grein fræðimanna við Háskólann á Akureyri byggð á rannsókn um íbúapróun í Fjallabyggð eftir opnun Héðinsfjarðarganga. Siglfirðingum fjölga aftur, börn fleiri á leikskólaaldri og viðhorf íbúa til áframhaldandi búsetu jákvæð.

**BYGGÐAMÁL** Siglfirðingum hefur fjölgað eftir opnun Héðinsfjarðarganga og byggðafesta hefur aukist í Fjallabyggð. Þetta kemur fram í rannsókn þeirra Þórodds Bjarnasonar og Kjartans Ólafssonar, félagsfræðinga við Háskólann á Akureyri. Rannsóknin er liður í stærri rannsókn á samfélagslegum áhrifum Héðinsfjarðarganga á mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga.

Áður en göngin voru opnuð voruðu sömu höfundar við því að vegna óhagstæðrar samsetningar mannfjöldans gæti íbúum fækkað áfram um langan tíma eftir göng, þótt flutningsjöfnuður yrði stöðugur. Fólksfækkun á sér stað á Ólafsfirði en fólksfjölgun á Siglfirði vegur upp á móti fækkuninni þar og Fjallabyggð í heild stendur ágætlega.

„Þessar niðurstöður eru talsvert jákvæðari en við bjuggumst við. Innlendir og erlendir rannsóknir hafa sýnt að samgöngubætur sem bæta lífskjör íbúanna umtalsvert leiða ekki alltaf til fólksfjölgunar. Samsetning mannfjöldans í Fjallabyggð var orðin afar óhagstæð eftir áratuga fólksfækkun og óvíst að ný tækifæri dygðu til að draga nægilega margt nýtt fólk til byggðarlagsins,“ segir Þóroddur.



ÞÓRODDUR  
BJARNASSON



Í HÉÐINSFJARÐARGÖNGUM Vísendingar eru um að Héðinsfjarðargöng hafi jákvæð áhrif á byggðapróun á norðanverðum Tröllaskaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Jafnvel þótt jafnvægi næðist í fólksflutningum hefði hátt hlutfall eldri borgara og lágt hlutfall fólks á barneignaraldri að óbreyttu leitt til mikillar fólksfækkunar. Það hefur gengið eftir í Ólafsfirði en á Siglfirði hefur fækkun skráðra íbúa stöðvast og talsvert fleiri dvelja þar í raun en áður. Það skýrist að stórum hluta af aukinni byggðafestu fólks milli tvítugs og fertugs, sérstaklega meðal yngri kvenna,“ bætir Þóroddur við.

Ólafsfjörður stendur ekki jafn vel og Siglfjörður. Kemur fram í rannsókninni að uppbygging í

ferðapjónustu hafi verið mikil á Siglfirði en lítil sem engin í Ólafsfirði. Einnig velta höfundar upp þeim möguleika að ávinningur Siglfirðinga að tengjast Eyjafirði hafi verið meiri en ávinningur Ólafsfjarðar að tengjast Siglfirði einum.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að Héðinsfjarðargöngin hafi skilað árangri til skemmri tíma. Nauðsynlegt sé þó að fylgjast með lengur og gera langtímarannsókn eftir um tvo áratugi til að meta lýðfræðileg áhrif ganganna.

sveinn@frettabladid.is

Borgarfulltrúi segir að hugmyndir um þéttingu byggðar ganga of langt:

## Þétting á skjön við skipulagslög

**SKIPULAG** „Það er óvissa um hvort að Reykjavíkurborg sé að fara að skipulagslögum,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðismanna. Þar á hann við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs um skipulags- og matslýsingar fyrir hverfaskipulag í Reykjavík.

Júlíus Vífill segir að í skipulagslögum frá 2010 sé opnað á nýja leið varðandi hverfisskipulag, sú leið hafi ekki verið farin fyrir en nú.



JÚLÍUS VÍFILL  
INGVARSSON

„Það er þó undantekningarregla og mér sýnist gengið á skjön við það sem löggjafinn lagði upp með,“ segir Júlíus Vífill og bætir við að það sé verið að skapa réttaróvissu með þeim hugmyndum að uppbyggingu og þéttingu byggðar sem settar eru fram í gömlum og grónum hverfum borgarinnar.

„Það má segja að þetta sé forsjarhyggja. Það er verið að skipuleggja borgina á allt annan hátt og í allt aðrar áttir en fólk kærir sig um. Það er verið að leggja til að byggt verði á reitum sem enginn hafði áður hugmynd um að ætti að byggja á,“ segir Júlíus Vífill. Þá sé víða í borginni gengið mjög langt með þéttingu byggðar. Til dæmis í vesturbæ Reykjavíkur. Þar sé lögð til uppbygging á lóðum fjölbýlishúsa án þess að þeir sem eiga hagsmuna að gæta hafi minnstu hugmynd um hvað stendur til. „Þetta er ótrúlegur yfirgangur,“ segir Júlíus Vífill.

-jme



FYRIR OG EFTIR ÞÉTTINGU Svona gæti Miklabraut lítið út ef hugmyndir um þéttingu byggðar í borginni ná fram að ganga.

MYND/REYKJAVÍKURBORG



Netið hjá Nova

# Í sambandi við sumarið...



#### 4G pungur

**7.990 kr.**

Með þjónustusamningi í áskrift  
Fullt verð: 13.990 kr.

#### 4G hneti

**13.990 kr.**

Með þjónustusamningi í áskrift  
Fullt verð: 19.990 kr.

#### 4G box

**19.990 kr.**

Með þjónustusamningi í áskrift  
Fullt verð: 26.990 kr.

#### Ofur hraði - ofur einfalt

Gríptu með þér 4G pung, hnetu eða box og vertu viss um að vera í góðu netsambandi í sumar. 4G/LTE netþjónusta Nova er á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, í Skorradal, Grímsnesi og Reykjanesbæ. 4G/LTE tæki virka að sjálfsgöðu líka á 3G svo þú ert alltaf í sambandi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter

Fyrsti mánuður á 0 kr. Þjónustusamningur í áskrift hjá Nova er til 6 mánaða, greitt með kreditkort. Nánari upplýsingar á [nova.is](http://nova.is).

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

**NOVA**



## HEIMURINN



## Fá aukinn aðgang

**1 FILIPPSEYJAR** Bandaríkjahef fær aukinn aðgang að herstöðvum á Filippseyjum samkvæmt nýju samkomulagi sem gilda á í tíu ár. Skrifa á undir samninginn í dag og er það gert í tengslum við heimsókn Baracks Obama Bandaríkjaforseta til Asíu.

## Helförin hræðilegur glæpur

**2 JERÚSALEM** Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hann sagði helförina vera „hræðilegasta glæp“ samtímasögunnar. Yfirlýsingin er birt rétt fyrir árvissa minningarathöfn í Ísrael um fórnarlömb nasista. Yfirlýsingin er talin til þess ætluð að milda viðhorf almennings í Ísrael þar sem mikill hnútur er á friðarviðræðum þeim sem haldnar eru að undirlagi Bandaríkjamanna.



MAHMOUD ABBAS

## Dýrlingum fagnað

**3 MEXÍKÓ** Tugþúsundir katólíkka víða um Rómönsku-Ameríku fögnuðu í gær eftir að páfarnir Jóhannes Páll II. og Jóhannes XXIII. voru teknir í dýrlingatölu. Í Mexíkóborg var fagnað með trúarvökum fyrir sólarupprás, tónlistarflutningi og bænahaldi.

## 1.300 múslimum bjargað

**4 MIÐ-AFRÍKU LÝÐVELDIÐ** Pungvopnaðir afrískir og franskir friðargæslu-liðar fylgdu hluta þeirra múslima, sem enn voru eftir í höfuðborg Mið-Afríkulyðveldisins, út úr stríðshrjáðri borginni. Yfir þrettán hundruð manns, sem herskáir flokkar kristinna höfðu mánuðum saman haldið föngnum í hverfi sínu, voru flutt á brott í vörubílum. Þegar bílalestin var rétt farin streymdi að fólk úr nágrannabyggðum og vann skemmdarverk á mosku hverfisins.

## Óttast upplausn og spillingu ráðastétta

Evrópskir kjósendur hægri flokka, sem leggja áherslu á andstöðu við Evrópusambandið, eiga fleira sameiginlegt. Þeir hafa harða afstöðu gegn innflytjendum, glæpum og spillingu en vilja tryggja öryggi sitt og meta mikils hefðbundin gildi.

**HOLLAND** Stjórnsmálaflokkar hægri sinnaðra andstæðinga Evrópusambandsins draga til sín fylgi frá kjósendum, sem eiga meira sameiginlegt en andstöðuna eina við Evrópusambandið.

Kjósendur þessara flokka hafa almennt harða andstöðu gegn innflytjendum, glæpum og spillingu meðal hálaunaðra valdamanna, en leggja mikla áherslu á að tryggja öryggi og reglu í samfélaginu ásamt því að meta mikils hefðbundin gildi.

Þetta kemur fram í nýbirtri skoðanakönnun, sem gerð var í vetur í Bretlandi, Frakklandi, Belgíu, Hollandi og á Ítalíu. Úrtakið var meira en tíu þúsund manns, en það var hollenska skoðanakönnunarfyrtækið Motivation International sem gerði könnunina.

Spurðir voru kjósendur Breska sjálfstæðisflokksins í Bretlandi, Flæmska hagsmunaflokksins í Belgíu, Frelsisflokksins í Hollandi, Þjóðarfylkingar Le Pens í Frakklandi og Norðurbandalagsins á Ítalíu, auk þess sem hinir frekar vinstri sinnuðu kjósendur Fimm stjörnu hreyfingar skemmtikraftsins Beppo Grille á Ítalíu voru spurðir.

„Lykillinn að því að skilja sálarlíf þeirra kjósenda, sem eru tortryggir gagnvart Evrópusambandinu, er sú tilfinning að standa uppi



**NIGEL FARAGE Á EVRÓPUPINGINU** Skoðanakannanir sýna að skoðana-bræðrum hans muni fjölga á Evrópupinginu eftir kosningarnar í næsta mánuði. NORDICPHOTOS/AFP

einn og yfirgefinn ásamt almennu vantrausti,“ segir í skýrslu um niðurstöður skoðanakönnunarinnar. „Þeim finnst oftar að samfélagið hafi brugðist þeim og þeir bera einnig minna traust til annarra.“

Kjósendur þessara flokka koma úr öllum stéttum, en eiga það sameiginlegt að eiga erfitt með að láta enda ná saman og hafa átt erfitt með að takast á við afleiðingar efnahagskreppunnar.

Þeir láta sig almennt umhverfismál, mannréttindi og atvinnuleysi litlu varða, en þeir hafa almennt minni trú en kjósendur annarra flokka á stofnunum á borð við ríkisstjórn og þing, banka, trúarstofnanir, verkalýðsfélög og Sameinuðu þjóðirnar.

Kjósendur Fimm stjörnu bandalagsins á Ítalíu, sem almennt eru lengra til vinstri, virðast heldur höfsamari og framfarasinnaðri en kjósendur hægri flokkanna, sem könnunin náði til, en eiga þó sameiginlega með þeim hina almennu vantrú á stofnunum samfélagsins.

Kosningar til Evrópupingsins verða haldnar seinni partinn í maí. Skoðanakannanir benda til þess að flokkum efasemdarmanna um Evrópusambandið muni vegna betur en nokkru sinni.

Óljóst hefur hins vegar þótt hvort þeir muni eiga auðvelt með að starfa saman, en þessi könnun bendir til þess að kjósendur þeirra eigi meira sameiginlegt en leiðtogar flokkanna.

gudsteinn@frettabladid.is

Zero Emission



Innovation that excites

VERÐLÆKKUN!

Nissan EURO LEAF  
VERÐ 4.690 ÞÚS. KR.

NÚ HLEÐUR ÞÚ LEAF  
Á AÐEINS 20 MÍNÚTUM

- Fjórar hraðhleðslustöðvar er nú komnar í gagnið; BL Sævarhöfða, ON Bæjarhálsi, Smáralind Kópavogi og Fitjar Reykjanesbæ
- Sex nýjar hraðhleðslustöðvar verða opnaðar til viðbótar á næstu vikum
- 80% hleðsla á 30 mínútum
- Frítt rafmagn á öllum hraðhleðslustöðvum ON

## NÝJAR HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVAR ON OG NISSAN

ON, í samstarfi við BL ehf. og Nissan Europe, setur upp 10 hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíl á næstu mánuðum, en nú þegar hafa verið opnaðar fjórar hraðhleðslustöðvar af 10. Þetta er sannkölluð bylting fyrir rafbílaeigendur því það tekur ekki nema 30 mínútur að hlaða geyminn upp í 80%. Það sem meira er: fyrst um sinn þurfa rafbílaeigendur ekki að greiða fyrir hleðsluna.

Öllum Nissan Leaf sem BL selur fylgir 5 ára ábyrgð á rafhlöðu og tengdum háspennuhlutum.



NISSAN LEAF VAR FYRSTI RAFBÍLLINN Í HEIMINUM sem hlaut 5 stjörnur í Euro NCAP árekstrarprófunum árið 2012.




BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# Ertu bíldælingur\*?

eða fílarðu fulla þjónustu á sjálfsafgreiðsluverði?



\*Bíldælingur er manneskja sem kys að dæla sjálf þótt hún fái fulla þjónustu og eldsneytislítrann á sjálfsafgreiðsluverði.

Á milli 7:30 og 19:30  
eru allar dælar jafnar á  
eftirfarandi stöðvum:

N1 Ártúnshöfða

N1 Bíldshöfða

N1 Borgartúni

N1 Gagnvegi

N1 Háholti

N1 Hringbraut

N1 Lækjargötu

N1 Stórahjalla

Á átta stöðvum N1 á höfuðborgarsvæðinu er verð á öllum dælum jafnt og þú hefur frelsi til að velja á milli þess að dæla sjálf/ur eða nýta þér fulla þjónustu á plani. Þetta þýðir að þú ræður hvort þú dælir eða starfsmaður N1. Þetta þýðir líka að þú getur beðið starfsfólk N1 um aðstoð við rúðupurrkur, rúðupiss, mælingu á smurolúu og fleira sem felst í fullri þjónustu N1.

Komum af stað!





# Mögulegt að bregðast við urriða- drápi með því að kaupa upp net

Verði sannað að urriði í Þingvallavatni sé drepinn í stórum stíl á stöng og í net þarf að taka á því, segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður. Jóhannes Sveinbjörnsson, formaður Veidifélags Þingvallavatns segir netaveiði bænda ábyrga og beinast fyrst og síðast að bleikju.

**NÁTTÚRA** Þjóðgarðsvörður telur að stíga þurfi frekari skref til verndar urriðanum í Þingvallavatni, reynist upplýsingar um stórfellt urriðadráp á stöng og í net á rökum reistar. Formaður Veidifélags Þingvallavatns telur netaveiði ekki áhyggjuefni enda séu netabændur fyrst og síðast að eltast við bleikju.



ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON

Enn eitt vorið hafa risið heitar umræður um veiðimenningu við Þingvallavatn, sérstaklega á samfélagsmiðlum, eftir fréttir og myndbirtingar af dauðum stórrurriða með þeim orðum að „bátsfylli“ af urriða hafi fengist í einni veiðiferð á Þingvallavatni fyrir nokkrum dögum.

Þingvallanefnd samþykkti tillögu þjóðgarðsvörðar um breyttar veiðireglur í Þingvallavatni innan þjóðgarðsins 6. mars.

Veiðitímminn hófst 20. apríl en til 31. maí er einungis leyft að veiða með flugu og öllum urriða skal sleppt á þessu tímabili í landi þjóðgarðsins.

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segir að tillagan hafi verið lögð fram til að bæta veiðimenningu við Þingvallavatn og styrkja urriðastofninn. Þegar eru 15 veiðiverðir að störfum við vatnið, auk þess sem Þingvallanefnd mun verja allt að einni milljón króna til veiðivörslu, en Ólafur taldi sérstaka ástæðu til að grafast fyrir um hvort nýsettar reglur hafi verið brotnar í því tilviki sem fyrr er nefnt.

Spurður sérstaklega um netaveiði á urriða segist Ólafur Örn hafa heyrt sögur af urriðaveiði í net og að sumar þeirra



ÞINGVALLAURRIÐI Tekinn að braggast eftir að hafa verið í útrýmingarhættu í langan tíma.

valdi áhyggjum. „Ég geri hins vegar mikinn greinarmun á því hvernig menn standa að slíkri veiði. Það eru bændur við vatnið sem hafa stundað mjög hóflegar veiðar. En ef sögur eiga sér stoð í raunveruleikanum þá er allt annað uppi á teningnum,“ segir Ólafur og telur að hlusta megi á það sjónarmið að kaupa upp silungsnetin í vatninu af bændum, ef um er að ræða stórfellda veiði á stofni sem verið er að reyna að vernda með reglum um að veiða og sleppa fiski.

svavar@frettabladid.is

## DREGUR Í EFA SÖGUR AF DRÁPI Í NET

Jóhannes Sveinbjörnsson, formaður Veidifélags Þingvallavatns og bóndi að Heiðarbæ I, dregur sögusagnir af urriðaveiði í net stórlega í efa, enda hafi bændur lítinn áhuga á að drepa urriðann, sem á vorin er í slöku ásigkomulagi og ekki hægt að selja sem mat. Netaveiði sé jafnframt mun minni er áður var, og aðeins frá þremur til fjórum jörðum.

„Við teljum netaveiði vera jafn merkilega og aðra veiði. Í okkar tilfelli er um bleikjuveiði að ræða fyrst og síðast, en auðvitað slæðist einn og einn urriði í netin, eins og gengur. Auðvitað þola stofnarnir aðeins vissa veiði og það vill enginn ganga á þá,“ segir Jóhannes. Netaveiddur silungur er seldur til fastra viðskiptavina en einnig til hótela og veitingahúsa, að sögn Jóhannesar.

Krafti verður aftur hleypt í Veidifélag Þingvallavatns í vor. Jóhannes segir að þar verði veiðimenning við vatnið rædd, til dæmis nýtingaráætlun sem sé lögbundin og ekki til staðar. Á það hefur verið bent að án hennar er veiðin í vatninu ólögleg í harðasta skilningi laganna.

„Það er flott sport að veiða einn og einn urriða, og ég legg ekkert mat á það hvort menn eigi að sleppa veiddum fiski eða ekki,“ segir Jóhannes. „Það er búið að draga þá línu fyrir land þjóðgarðsins og það er þeirra ákvörðun. Sú ákvörðun gildir hins vegar ekki fyrir allt vatnið því veiðiréttarhafarnir eru margir og misjafnir. Hugmyndir um samræmdar reglur fyrir allt vatnið eftir hugmyndafræði Þingvallanefndar á alveg eftir að ræða, eins og svo margt annað,“ segir Jóhannes.



## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sjúkraflutningamaður	Heilbrigðisstofnun Fjallabyggð	Fjallabyggð	201404/278
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn á Egilsstöðum	Egilsstaðir	201404/277
Framhaldsskólakennarar	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Grundarfjörður	201404/276
Upplýsingafulltrúi	Umhverfisstofnun	Reykjavík	201404/275
Framhaldsskólakennarar	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Mosfellsbær	201404/274
Sérfræðingur í reikningshaldi	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201404/273
Forðafraeðingur	Íslenskar orkurannsóknir	Rkv./Akureyri	201404/272
Varðstjóri	Lögreglustjórinn á Akureyri	Akureyri	201404/271
Sérfræðingur í upplýsingatækni	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201404/270
Heilbrigðisritari/ skrifstofumaður	Bráðamóttaka LSH Fossvogi	Reykjavík	201404/269
Sumarafi. sjúkraliða við heimahj.	Heilsugæslan í Hamraborg	Kópavogur	201404/268
Ljósmodir	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupst.	201404/267
Kennari á starfsbraut	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201404/266
Kennari í rafvirkjun	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201404/265
Starfsmaður í eldhús	Sólvangur, hjúkrunarheimili	Hafnarfjörður	201404/264
Sérfræðingur í fjárhagslegu eftirliti	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201404/263
Lögfræðingur í neytendapjónustu	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201404/262
Lögreglumaður	Lögreglustjórinn á Eskifirði	Nesk./Höfn	201404/261
Lögreglumenn/ ranns.lögreglumaður	Lögreglustjórinn á Selfossi	Selfoss	201404/260
Heilsugæslulæknir	Heilsugæslan í Árbæ	Reykjavík	201404/259



SUMARFRÍ Verði ekki breytingar á dagskrá Alþingis eru einungis átta þingfundardagar eftir fyrir sumarfrí. Stóru málin biða afgreiðslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Átta þingfundardagar eftir fyrir sumarfrí þingmanna:

## Stóru málin óafgreidd

**STJÓRN MÁL** Alþingi kemur saman til fundar að loknu páskaeyfi í dag.

Þingfundur hefst með óundirbúnum fyrirspurnum og fyrirspurnum.

Að þeim loknum eru þrjú mál á dagskrá þingsins; breytingar á viðauka vegna EES-samningsins, samningar milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar og þriðja mál á dagskrá er staðfesting samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Nú eru átta þingfundardagar eftir þangað til hlé verður gert á fundum

Alþingis 16. maí næstkomandi og mikið ógert enn þá.

Í fastanefndum þingsins eru 107 mál, stór og smá, til umfjöllunar.

Þá á eftir að taka fyrstu umræðu um frumvarp sjávarútvegsráðherra um veiðigjöld en að henni lokinni fer veiðigjaldafrumvarpið til nefndar.

Þingið á líka eftir að ljúka umfjöllun um nokkur stór mál, svo sem skuldaleiðréttingar og um þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um slit á viðræðum við Evrópusambandið.

-jme



**thekking.is**

## ÞEKKING ER TÖLVUDEILD YFIR 300 FYRIRTÆKJA

Við önnumst daglegan rekstur á tölvukerfum, hýsum gögn og hugbúnað. Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.

Kynntu þér málið:  
**460 3100 / sala@thekking.is**

URÐARHVARF 6, 203 KÓPAVOGUR  
HAFNARSTRÆTI 93-95, 600 AKUREYRI

460 3100  
THEKKING.IS

**PEKKING**  
Tölvudeildin þín





## Villtist í skógarferð í Svíþjóð: Föst í mýri en fésbók bjargaði

**SVÍPÞJÓÐ** Hægt var að bjarga konu sem festist í mýri í skógi við Lesjöfors í Svíþjóð síðdegis síðasta fimmtudag vegna myndar sem hún hafði sett af sér í skógarferðinni á Facebook. Konan, sem var í heim-sókn á staðnum, villtist og hringdi í lögreglu. Um leið og hún festist í mýrinni rofnaði símasambandið.

Af myndinni sem konan hafði sett á Facebook var hægt að þekkja staðinn og bjarga konunni sem hafði sokkið í mýrina upp að mitti. -ibs

Greiningardeild leiðrétti mistök í verðmatsskýrslu og sneri við ráðleggingu sinni til fjárfesta:

## Verðmat Arion banka á N1 reyndist of hátt

**VIÐSKIPTI** Greiningardeild Arion banka gaf fyrir helgi út leiðréttingu á virðismati sínu á fyrirtækinu N1.

Í fyrstu greiningu Arion er virði hvers hlutar fyrir sig metið á 17,90 krónur, en í leiðréttingu greiningardeildarinnar er hluturinn metinn á 16,20 krónur.

Það sem kom helst á óvart við leiðréttingu greiningardeildar var að fyrri ráðgjöf, þar sem fjárfestum var ráðlagt að bæta við hlut sinn í félaginu, var snúð við.

Með leiðréttingunni eru fjárfestar hvattir til að draga úr hlut sínum í félaginu. Þegar markaðurinn lokaði eftir síðasta viðskiptadag seld-

ist hluturinn á 17,85 krónur, sem er rúmlega 0,85 prósentu lækkun eftir daginn.

Leiðréttingarinnar var þörf þar sem í fyrstu skýrslu greiningardeildar Arion banka hafði gleymst að draga rúmlega 1,6 milljarða króna arðgreiðslu frá lausu fé N1.

Því var virði eigin fjár lækkað úr 17.899 milljörðum króna í 16.249 milljarða.

Forstöðumaður greiningardeildar vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband fyrir helgi. Í leiðréttu verðmati greiningardeildarinnar er hins vegar beðist velvirðingar á mistökum sem gerð hafi verið í fyrri greiningu deildarinnar. -kóh



**ARION BANKI** Greiningardeild bankans sendi frá sér leiðréttingu á fyrra virðismati sínu í gær. Leiðréttingin hafði smávægileg áhrif á markaðinn, en bréf N1 lækkuðu um rúma prósentu yfir daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



**BJÖLLUNNI HRINGT** Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, hringdi fyrirtækið inn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Bréfin lækkuðu um 10,65%: Velta var hálfur milljarður króna

**VIÐSKIPTI** Eftir að sjávarútvegsfyrirtækið HB Grandi hf. var flutt af First North-markaði á aðalmarkað Kauphallarinnar á föstudag lækkaði gengi hlutabréfa félagsins um 10,65 prósent, miðað við síðasta viðskiptagengi á First North.

Gengi hlutabréfa félagsins endaði í 27,9 krónum á hlut, rúmum 20 aurum yfir útboðsgengi þar sem Arion banki og Vogun hf. seldu 27 prósent félagsins á 27,7 krónur. Það er hækkun upp á 0,7 prósent.

Velta viðskipta með bréf HB Granda nam rúmlega hálfum milljarði króna.

Stærstu hluthafar fyrirtækisins eru Vogun hf., Arion Banki og Hampiðjan en samanlagt eiga þessi fyrirtæki rúm 54,4 prósent í félaginu. -kóh

## Var sakaður um nauðgun: Sýknaður eftir 9 ár í fangelsi

**SVÍPÞJÓÐ** Karlmaður á sjötugsaldri, sem sat í sænsku fangelsi í níu ár fyrir að hafa nauðgað dóttur sinni, hefur nú verið fundinn sýkn saka.

Dóttirin hélt því fram að faðir hennar hefði nauðgað henni allt að 200 sinnum frá árinu 1983 þegar hún var níu ára til ársins 1990. Hann neitaði sök.

Árið 2007 fór dóttirin að greina frá meintu ofbeldi annarra sem lögregla dró í efa.

Saksóknari í Svíþjóð segir ekki nægilegar sannanir fyrir sekt föðurins. Hann var látinn laus 2012 eftir að hafa afplánað níu ár af fjórtán ára fangelsisdómi. -ibs

## LANDHELGISGÆSLAN

### Slasaðist á ökkla

Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti mann á sextugsaldri af Laugarnípu í Esju á Reykjavíkflugvöll skömmu eftir hádegis gær. Hann hafði slasast á ökkla og gat ekki gengið. Maðurinn var fluttur með sjúkrahús frá flugvöllinum á sjúkrahús til aðhlyningar. Þyrlan var á heimleið úr æfingaflogi þegar beiðni baðst um aðstoð.

### Stýrið bilaði við Sandgerði

Skipstjóri á sjö tonna báti hafði samband við Gæsluna laust fyrir hálfvö og bað um aðstoð þar sem stýri bátsins hafði bilað rétt utan við innsiglinguna í Sandgerði. Þar hafði hann varpað út akkeri. „Haft var samband við bát sem var í um tveggja sjómílna fjarlægð, og var hann fenginn til að draga hinn bilaða bát til hafnar,“ segir í tilkynningu Landhelgisgæslunnar.

# HVAR ER BARNIÐ ÞITT?

Í byrjun árs mættu þúsundir unglinga fyrirvaralaust í Smáralindina til að sjá Vine-stjörnur og sagan endurtók sig svo nýlega þegar YouTube-stjarna mætti til landsins. Nánast ekkert foreldri hafði heyrt um þessar stjörnur og uppákomurnar komu mörgum á óvart.

## Það er kominn tími til að tala saman

Vodafone og Dale Carnegie bjóða því foreldrum og forráðamönnum um land allt á ókeypis vinnustofu um góð samskipti á netinu.

- Hverjar eru þær nýju áskoranir sem netið og samfélagsmiðlar búa til í samskiptum?
- Hvað þarf að vita um netsamskipti?
- Hvernig byggjum við upp góð tengsl og traust í leik og starfi?
- Hvað eru góð samskipti á milli foreldra og barna?

Skráning og nánari upplýsingar er að finna á [dale.is/vodafone](http://dale.is/vodafone) eða í síma 555 7080.



**Vodafone**  
Góð samskipti bæta lífið





Lítið um baráttumál í kosningabaráttunni.

## Almenn sátt um óbreytt ástand

**F**imm vikum fyrir kjördag í sveitarstjórnarkosningum fer lítið fyrir kosningabaráttu flokkanna í Reykjavík. Það virðist ríkja nokkuð almenn ánægja með núverandi meirihluta og vandræðagangur Framsóknarmanna við að berja saman frambærilegan lista vekur frekar vorkunn en áhuga. Meirihluti Reykvíkinga vill að Dagur B.

Eggertsson taki við borgarstjóra-stólnum af Jóni Gnarr og til þess að svo megi verða virðist alls konar fólk tilbúið til að kjósa Samfylkinguna, þótt það hafi ekki gert það áður. Óbreytt ástand virðist vera efst á óskalista reykviskra kjósenda sem bendir til að öllum að övörum

**Friðrika Benónýsdóttir**

fridrikab@frettabladid.is



hafi stórsigur Besta flokksins í síðustu kosningum ekki verið bundinn við persónufylgi Jóns Gnarr og uppreisn gegn ríkjandi flokkakerfi heldur krafa um nýja nálgun á borgarmálefni, krafa sem flokkurinn tók alvarlega og stóð undir, sem skilar sér í góðri stöðu hans – eða afsprennis hans undir nafni Bjartrar framtíðar – þegar gengið er til kosninga fjórum árum síðar.

Fylgi flokka í sveitarstjórnarkosningum er kannski ekki raunhæfur mælikvarði á fylgi þeirra í alþingiskosningum, þar sem ákveðin málefni skipta oft meira máli en stjórnmalaskoðanir í vali á þeim sem í borgar- og bæjarstjórnunum sitja, en engu að síður hlýtur staðan í skoðanakönnunum að vera ríkisstjórnarflokkunum áhyggjuefni. Ári eftir stórsigur Framsóknarflokksins í kosningum til Alþingis mælist hann með á bilinu tveggja til þriggja prósentna fylgi í Reykjavík og þótt forystusauður listans, Óskar Bergsson, hafi stigið til hliðar og tekið á sig sökina á fylgiskortinum þá virðist ekki líklegt að nýr listi nái að hífa fylgið mikið upp, allra síst þar sem fullkomin óeining virðist ríkja innan flokksins um það hvernig hann eigi að vera skipaður. Það er ekki traustvekjandi fyrir kjósendur að korteri í kjördag standi enn yfir æðisgengin leit að frambærilegum kandidát til að leiða flokk forsetisráðherra í kosningum til borgarstjórnar.

Í herbúðum Sjálfstæðismanna er ástandið heldur ekkert glæsilegt en kosningabaráttu þeirra hefur verið nánast ósýnileg hinum almenna kjósenda og ekki líkur á að það breytist mikið á þessum fimm vikum. Þeir geta reiknað með sínu tuttugu og fimm prósentna fylgi og miðað við hversu lítið ber á frambjóðendum þeirra virðast þeir ekki einu sinni ætla að reyna að höfða til fleiri kjósenda. Það er einhver máttleysilegur uppjafarbragur á allri framgöngu Sjálfstæðismanna í aðdraganda borgarstjórnarkosninga, enda alvarlegri mál að hafa áhyggjur af með stofnun nýs hægri flokks hangandi yfir hausamótunum flokksins.

Það eru því allar líkur á að Reykvíkingar búi áfram við stjórn Samfylkingar og Besta flokksins/Bjartrar framtíðar næstu fjögur árin, enda bendir nákvæmlega ekkert til þess að meirihluti borgarbúa hafi áhuga á að breyta þeirri skipan mála. Það hlýtur að teljast nokkuð eindreginn sigur sprellframboðsins frá því fyrir fjórum árum og þeir sem hæst höfðu um hversu lélegt það grín væri sitja nú eftir með sárt ennið og eru sjálfir stærsti brandarinn. Það er nefnilega merkilegt hvað grínið er orðið alvarlegt og alvaran mikið grín.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Skýrslan dýra

Margir vilja fá skýringar á því hvers vegna skýrslan um orsökina fyrir falli sparissjóðanna var svo dýr sem raun bar vitni. Málið var rætt í þættinum á Sprengisandi á Bylgjunni í gær og þar sagði Guðmundur Hálfðánarson prófessor að það væri óskiljanlegt að skýrslan hefði kostað rúmar 600 milljónir króna, mun meira en skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og fall íslensku bankanna sem kom út 2010. Sú skýrsla kostaði 450 milljónir, það tók styttri tíma að vinna hana og hún er talsvert ítarlegri en sparissjóðaskýrslan. Undir gagnrýnina tók Jakob Ásgeirsson rithöfundur og útgefandi Þjóðmála. Hann sagði kostnaðinn yfirgengilegan og

óskiljanlegan. Guðmundur sagði svo að ef kostnaðurinn við sparissjóðaskýrsluna væri eðlilegur þá yrðu ekki gerðar fleiri skýrslur. Líklega hárrétt. Það væri kannski ekki úr vegi að ríkið léti rannsaka kostnaðinn við gerð sparissjóðaskýrslunnar og hvað hafi farið úrskeiðis. Nema það sé allt of dýrt.

#### Litið inn á við

Friðlýsindi evrópusinninn Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður og formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins var ómyrk í máli í þættinum Sunnudagsmorgni með Gísla Marteini. Hún gagnrýndi Sjálfstæðisflokkinn fyrir einstrengingslega stefnu í evrópumál-

um en sagðist þrátt fyrir það ekki ætla að ganga til liðs við nýjan evrópusinnadán hægri flokk verði af stofnun hans. Ragnheiður sagði að sjálfstæðismenn yrðu að horfa inn á við og velja því fyrir sér hverju þurfi að breyta til að auka fylgi flokksins á ný. Hún sagði að það yrði að taka umræðu um hugmyndafræðina og spyrja spurninga á borð við hvers vegna kjörnir fulltrúar flokksins séu ekki að slást fyrir afnámi tolla og vörugjalda. Það sé ýmislegt á stefnu-skrá flokksins sem ekki sé verið að berjast fyrir. Ragnheiður er ein fára þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem talar á þessum nótum. Ef flokkurinn ætlar að ná fyrri styrk ætti hann að hlusta betur á Ragnheiði og þá sem hafa yfirgefið flokkinn.

johanna@frettabladid.is



### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

**GERÐU VERÐSAMANBURÐ**

## heitir pottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta í yfir 30 ár fyrir íslenskar aðstæður. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

**NORMX**

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

## Framtíð íslensks sjávarútvegs

### SJÁVARÚTVEGUR



**Kolbeinn Árnason**  
framkvæmdastjóri LÍÚ

Enn á ný tröllríður umræða um veiðigjöld fjölmiðlum. Því miður virðist hún nú rétt eins og undanfarin ár aðallega snúast um hvort gjöldin séu of há eða lág. Undirstöðuáttvinnuvegur þjóðarinnar á að leggja sitt til samfélagsins en það skiptir máli að vandað sé til verka til að ekki sé grafið undan því sem vel hefur verið gert. Sú tillaga sem sett hefur verið fram um veiðigjöld næsta árs virðist ekki byggjast á nokkurri greiningu á því hvað sjávarútvegurinn þoli í gjaldtöku, hvaða áhrif aðferðin mun hafa á fyrirtæki og byggðarlög eða sýn á það hvernig ríkisstjórnin vill að þessi grundvallarátvinnuvegur þróist.

Í stað þess að stökkva út í drullupollinn og tala um fjárhæð þessa gjalds vildi ég í þessum stutta pistli reyna að hefja þá umræðu sem þarf að fara fram um þessa gjaldtöku sem hluta af heildstæðu kerfi sem búa þarf sjávarútveginum til framtíðar þannig að við getum áfram verið stolt af því að á Íslandi sé rekinn sjávarútvegur sem sé í fremstu röð í heiminum. Umræðu um það hvernig við viljum sjá atvinnugreinina þróast til framtíðar þannig að hún geti áfram skilað sem mestu til samfélagsins alls í formi gjaldeyrstekna, launagreiðslna,

skatttekna, þróunar þjónustugreina eins og flutninga og fjármögnunar, menntunar og nýsköpunar, þar sem umhverfismál eru í forgrunni.

Sjávarútvegurinn er að þróast á miklum hraða í að verða þekkingargrein þar sem forskot og forusta á sviði tækni og markaðssetningar skiptir miklu máli. Þessi þróun skapar tækifæri til að auka enn frekar þau verðmæti sem sjávarútvegurinn getur skilað beint og óbeint. Í þessu eru þó einnig áskoranir því við erum ekki ein um að eygja þessa möguleika heldur gera okkar helstu samkeppnislönd það líka. Við sjáum það nú á sífellt harðnandi samkeppni við til að mynda Noreg og Rússland á mörkuðum sem við höfum hingað til verið í forustu á.

Ég hvet til þess að lagt verði í vinnu við greiningu á þessum tækifærum og áskorunum svo mögulegt sé að ræða af yfirvegunum hvert við viljum að sjávarútvegur á Íslandi stefni, hvort ekki sé samstaða um að við eigum að efla hann þannig að hann verði áfram í fremstu röð og færi íslensku samfélagi þar með auknar tekjur. Sem hluta af þessari umræðu er eðlilegt að fjárhæð veiðigjalda og sú aðferðafræði sem notuð er við álagningu þeirra verði rædd.



# Þegar ein báran rís

Þegar ein báran rís er önnur vís. Fyrst var það með yfirtökunni á Krím-skaga að Rússland færði út landamæri sín til vesturs í skjóli hervalds. Síðan fékk stefnan, sem Vladimir Pútín kennir við „Novorossiya“, fljótlega sína birtingarmynd á Norðurslóðum. Þannig var fyrirsögnin í fréttatilkygningu frá rússnesku fréttastofunni RIA Novosti þann 22. apríl:



**Einar Benediktsson**, fyrrverandi sendiherra.

*Russia to Build Network of Modern Naval Bases in Arctic - Putin.* Haft er eftir forsetanum: „Við þurfum að styrkja okkar hernaðarlegu innviði. Sérstaklega þarf að koma upp samhefðu neti flota-bækistöðva vegna nýrrar kynslóðar skipa og kabáta.“

Þessari endurskipulagningu skal lokið 2014. Um er að ræða opnun tveggja flugvalla og hafna við Íshafið og sjö flugvalla annars staðar sem lokað var 1993. Norðurflotinn verður með 40 ný skip 2020 og nýir ísbrjótar, bæði kjarnorku- og dísilknúðir, eru í smíðum. Yfirflug sprengjuflugvéla frá Kolaskaga inn í loftrým-issvæði NATO hófst 23. apríl með slíkri heimsókn til Skotlands. Ekki verður betur séð en að Rússar búi sig undir að líta á Íshafið sem sitt eigið, *mare nostrum* eins og Rómverjar til forna sögðu um Miðjarðarhafið.

Með tímanum hefur staða Íslands í öryggislegu tilliti orðið æ sérkennilegri. Þar koma bæði til gjörbreyting ytri aðstæðna og hið heimatilbúna. Ísland er eina aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, sem bæði er í lausum pólitískum tengslum við helstu Evrópuríkin

og án landvarna, frá því að vera með takmarkaðir loftvarnir fram til 2006. Íslensk stjórnvöld töldu óráðlegt að bandaríski flugherinn hyrfi héðan með öllu og hafa sennilega notið stuðnings ýmissa annarra en þáverandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna. Eftir brottförina frá Keflavík hefur áhugi Atlantshafsbandalagsins á Norðurslóðum verið með minnsta móti enda vóg stríðsrekstur í Afganistan þyngra en annað.

## Bandaríkjamenn borga ekki

Því var það væntanlega, að Kínverjar hafa talið sér leik á borði í að flétta Ísland inn í sín áform enda ekki skort á eggjan af æðstu stöðum. Kínverjar eru þrotlausir í að nýta jarðgæði um heim allan. Það á við um námavinnslu á Grænlandi, olú- og gasvinnslu á hafsbotni hér um kring og ekki hvað síst í mikilli hafnarstöðu á Íslandi vegna hinnar nýju norðaustur-siglingaleiðar um heimskautið. Fari svo að Rússar drotni í norðri ætti bandalag þeirra og Kínverja að duga þeim síðarnefndu til einhvers.

Vonandi bera aðgerðir Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um að hefta yfirtöku Rússa á hinum rússneskumælandi austurhéruðum Úkraínu árangur. Nú ríkir spennan með mannfalli og ögrandi yfirlýsingum í stað viðleitni um þá augljósu lausn, að komið sé á fót úkraínsku þjóðfélagi með verulegri sjálfstjórn í vestur- og austurhlutum landsins. En það kann að vera borin

von, að einfaldar lausnir finnist í gömlum deilumálum og flækjast inn í austur-vestur samskiptin fyrrum og upplausn Sovétríkjanna. Þar er ekki að finna forsendur fyrir því að nú leiði til nýs kalds stríðs. Afskrifa verður þann möguleika að vopnuð átök verði vegna Úkraínu. Ekkert Evrópuríki er reiðubúið til að heyja stríð vegna þessarar deilu. Varnir NATO-ríkja, sem njóta tæknifyrburða Bandaríkjanna, útiloka áráð á þau enda yrði slíkt tilefni heimsstyrjaldar.

Bandarísk stjórnvöld hafa um skeið gert bandamönnum sínum í NATO það fullljóst, að þeim er óásættanlegt að standa straum af bróðurhluta sameiginlegs varnarkostnaðar. Í þeim efnum verður Evrópa að sjá um sig sjálf og taka þá forystu sem nauðsynleg er. Ekki er annarra kosta völ en að aðildarríki ESB, innan NATO eða utan, standi saman í varnar og öryggismálum. Til marks má taka loftrýmismisgæsluna á Íslandi. Tvö ESB-ríki, Svíþjóð og Finnland, utan NATO senda sínar orrustuþotur til Íslands undir forystu Norðmanna og er þar með ný vidd fengin í Norðurlandasamstarfinu.

## Tækifæri til virkrar samvinnu

Öryggi nágranna Úkraínu er ekki hvað síst það að vera innan sameiginlegra landamæra ESB, sem tryggir þau, samkvæmt Lissabon-sáttmálanum. Einmitt það gerðu Finnland og Eystrasaltsríkin vegna framtíðar sinnar sem fullvalda lýðræðisríki. Það sama á vissulega við um Ísland. Stefnumörkun í norðurskautsmálum er tækifæri að ná aftur virkari samvinnu við Bandaríkin um gagn-

→ Önnur hlið þjóðaröryggis lýtur að hinu efnahags- og viðskiptalega og þar er rétt ólokið því verki að samningur sýni svart á hvítu hvaða kjör bjóðast við aðild að Evrópusambandinu. Fyrir liggur að samningaviðræðurnar höfðu gengið vel, skilað miklu og að meirihluti landsmanna vill að þeim sé lokið. Líta verður til ESB-aðildar okkar í því víðara samhengi, að með því að staðfesta að hér eru norðurmörk Evrópuþjóða, yrðu Íslendingar til þess að leggja sinn mikla skerf til um aukinn stöðugleika á Norðurslóðum.

kvæm öryggis- og varnarmál, svo sem nauðsynlegt er. Önnur hlið þjóðaröryggis lýtur að hinu efnahags- og viðskiptalega og þar er rétt ólokið því verki að samningur sýni svart á hvítu hvaða kjör bjóðast við aðild að Evrópusambandinu. Fyrir liggur að samningaviðræðurnar höfðu gengið vel, skilað miklu og að meirihluti landsmanna vill að þeim sé lokið. Líta verður til ESB-aðildar okkar í því víðara samhengi, að með því að staðfesta að hér eru norðurmörk Evrópuþjóða, yrðu Íslendingar til þess að leggja sinn mikla skerf til um aukinn stöðugleika á Norðurslóðum.

## AF NETINU

### Efast um foringjann



Æ fleiri framsóknarmenn efast nú um stjórnunarhæfileika Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar formanns flokksins í kjölfar

ákvörðunar Guðna Ágústssonar um að hætta við framboð í Reykjavík en Sigmundur mun hafa komið að því máli. [...] Enginn forystumaður Framsóknar virðist nú vera tilbúinn til að koma opinberlega fram fyrir hönd flokksins eða tala í hans nafni um ástandið innan hans. Þess í stað eru sendar út stuttar fréttatilkygningar og óljós skilaboð.

Uppákomnan í tengslum við ekki-framboð Guðna Ágústssonar gæti því haft dýpri og alvarlegri afleiðingar fyrir flokkinn en ætla mætti í fyrstu.

<http://herdubreid.is/author/bjornvalur/>

Björn Valur Gíslason

### Minni flokkspólitík



Kosningabaráttan fyrir borgarstjórnarkosningarnar sem eru eftir mánuð fer hægt og nokkuð óvenjulega af stað.

Maður myndi eiginlega ekki lá borgarbúum þótt þeir vissu ekki af kosningunum.

Landslagið er gerbreytt. Þetta er hætt að vera spurning um Sjálfstæðisflokkinn og vinstri flokkana sem berjast um borgina. Það er liðin tíð – og fólk kærir sig heldur ekki um slíka pólitík í borginni.

<http://eyjan.pressan.is/silfuregils>

Egill Helgason



## ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI PALLBÍLL SEM UM GETUR

EYÐSLA AÐEINS 7,4 L/100 KM\*

- Stærri en áður
- Eyðslugrenni en áður
- ESC skriðvörn
- TCS spólvörn
- Hátt og lágt drif
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- USB og AUX tengi
- Og margt fleira

Verð frá: 6.890 þús. kr. sjálfsk.

**NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA**

**3500KG**

Það þarf ekki að segja þeim sem til þekkja neitt um endingu og áreiðanleika Isuzu D-Max. D-Max pallbíllarnir eru hagkvæmir og áreiðanlegir í rekstri vegna lágrar bilanatíðni og lítillar eldsneytiseyðslu. Isuzu D-Max er í sérflokkki hvað varðar dráttargetu því hann getur dregið allt að 3500 kg.



**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080



## MERKISATBURÐIR

**1237** Bæjarbardagi er háður að Bæ í Borgarfirði og rúmlega þrjátíu manns láta lífið.

**1819** Tukthúsið í Reykjavík verður embættisbústaður stiftamtmanns.

**1920** Aserbaídsjan verður hluti af Sovétríkjunum.

**1945** Benito Mussolini og Clara Petacci ástkona hans eru tekin af lífi.



**1969** Charles de Gaulle lætur af forsetaembætti í Frakklandi.

**1990** Axl Rose úr Guns and Roses kvænist Erin Everly.

**2001** Bandaríski milljónamæringurinn Dennis Tito verður fyrsti geimferðamaður í heimi.

**1993** - Alþingi samþykkir aukaaðild landsins að Vestur-Evrópusambandinu.

**2007** - AFL Starfsgreinafélag er myndað með sameiningu þriggja stéttarféлага á Austurlandi.

**PETTA GERÐIST** 28. APRÍL 1974

## Spænsk stórstjarna fæðist

Leikkonan Penélope Cruz Sánchez fæddist í bænum Alcobendas í Madrid á Spáni þennan dag árið 1974 og fagnar því fertugsafmæli sínu í dag. Cruz lærði klassískan ballett á yngri árum en flutti síðar til Hollywood í Kaliforníu til að sinna leiklistinni af fullum hug.

Fljótlega náði hún sér í stór hlutverk með meðleikurum á morð við Matt Damon og Tom Cruise. Cruz hefur leikið í mörgum bandarískum kvikmyndum en einna helst ber að nefna kvikmyndirnar Blow, Vanilla Sky og Vicky Christina Barcelona. Árið 2009 vann hún Óskarsverðlaunin sem besta leikkona í auka-

hlutverki fyrir Vicky Christina Barcelona en hún er fyrsta spænska konan sem hlýtur Óskarsverðlaun. Cruz hlaut einnig Goya- og BAFTA-verðlaunin fyrir leik sinn í þeirri mynd.

Penélope Cruz hefur unnið þrenn Goya-verðlaun, tvönn evrópsk kvikmyndaverðlaun og verið valin besta leikkonan á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Hún hefur ekki gleymt rótum sínum og hefur því valið að vinna mikið með spænska leikstjóranum Pedro Almodóvar. Árið 2010 giftist hún leikaranum Javier Bardem og saman eiga þau börnin Leonard og Luna.



Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

**ARTHUR ÞÓR STEFÁNSSON**  
húsasmíðameistari,

andaðist fimmtudaginn 17. apríl síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju í dag klukkan 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á líknarfélög.



Áslaug Arthursdóttir  
Nanna Arthursdóttir  
Þorsteinn Arthursson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Oddgeir Þór Árnason  
Guðbergur Þorvaldsson  
Guðrún Petra Guðnadóttir



Vil færa alúðarpakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

**HARLADAR HERMANSSONAR**  
Frá Yzta-Mói, Fljótum,  
Sauðármýri 3, Sauðárkróki.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á lyflækningadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og starfsfólki á deild 1 á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki fyrir einstaka nærgætni, alúð og hlýju í umönnun.



Guðmunda Hermannsdóttir og fjölskylda



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ÁSLAUG THORLACIUS**

sem andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 16. apríl, verður jarðsett í Áskirkju þriðjudaginn 29. apríl klukkan 13.00.



Órnólfur Thorlacius  
Kristín R. Thorlacius  
Kristín Bjarnadóttir  
Hallveig Thorlacius  
Kristján Thorlacius  
barnabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Rannveig Tryggvadóttir

Ragnar Arnalds  
Ásdís Kristinsdóttir

Nýtt á heimsvísu

**VARANLEGT LETUR**

Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni

Graníthöllin  
Legsteinar

www.granithollin.is

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

**TILBOÐSDAGAR**  
legsteinar og fylgihlutir  
10-50% afsláttur

Mikið úrval - Vönduð vinna



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



Marmari  
Granit  
Blágrýti  
Gabbro  
Liparit



ÓPERUTÓNLIST Jóhann Friðgeir Valdimarsson í hlutverki Manrico í óperunni Il Trovatore eftir Verdi hjá Íslensku óperunni haustið 2012.

MYND/ GÍSLI EGILL HRAFNSSON

# Hetjur og hástökkvarar á Hádegistónleikum

Jóhann Friðgeir Valdimarsson á hádegistónleikum Íslensku óperunnar í Norðurljósum í Hörpu.

„Ég mun bjóða upp á bæði stuttar og langar ítalskar óperuariur úr hinum og þessum stykkjum. Tenórariurnar eru oftast eins konar hetju-tenórsariur þar sem karakterinn er mikil kempa og hástökkið í verkunum er þegar maður fer í háu tónana,“ segir stórténórinn Jóhann Friðgeir Valdimarsson sem stígur á svið á hádegistónleikum Íslensku óperunnar í dag. Hann hleypur í skarðið fyrir Diddú sem forfallaðist vegna veikinda. „Mér finnst oft miklu auðveldara að syngja þegar ég er í karakter í búningnum í óperu en að koma fram á tónleikum. Í búningnum á sviðinu líður mér einstaklega vel. Þegar ég er úti er ég með svona 10-15 óperur sem ég syng í og stundum þarf maður jafnvel að hlaupa í skarðið þegar einhver veiktist svo að ég er vanur að



JÓHANN FRÍÐGEIR VALDIMARSSON

stökkva til með litlum fyrirvara,“ segir hann.

Jóhann Friðgeir er einn fremsti tenórsöngvari okkar Íslendinga og má búast við glæsilegum og kraftmiklum flutningi á nokkrum af frægustu aríum óperubókmenntanna. Píanóleikari er Antonía Hevesi og verða meðal annars fluttar óperuariur eftir Verdi og fleiri óperutónskáld.

Tónleikarnir fara fram í Norðurljósum í Hörpu kl. 12.15 og er aðgangur ókeypis eins og að öllum hádegistónleikum Íslensku óperunnar undanfarin misseri.

Jóhann Friðgeir hefur nóg fyrir stafni og seinna í sumar mun hann koma fram á tíu ára afmælistónleikum í Eldborg á vegum Íslensku óperunnar ásamt fleiri íslenskum tenórum.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## FÓSTBRÆÐUR Í LANGHOLTSKIRKJU

Vortónleikar karlakórsins Fóstbræðra verða í Langholtskirkju annað kvöld kl. 20. Á efnisskrá verða meðal annars sænsk og ensk þjóðlög, verk eftir Högn Egilsson og útsetningar eftir Davíð Þór Jónsson. Þá er úrval eldra efnis ásamt kórum úr Carmen. Einsöngur Hanna Dóra Sturludóttir.



GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is

## VIRKARI MELTING

**RARITET KYNNIR** Komin er á markað byltingarkennd lausn fyrir þá sem þjást af hægðatregðu eða eru með hæga meltingu.

**H**ægðatregða er algengt vandamál hjá fjölda fólks; einkum konum, börnum, unglingum og eldra fólki, auk þess sem margir upplifa meltingartruflanir af þessu tagi á ferðalögum.

„Bifidobacteria & Fibre“ frá OptiBac Probiotics inniheldur einn mest rannsakaða probiotic-geril í heimi. Einnig prebiotics-trefjar í miklu magni sem koma reglu á meltinguna. Þeim sem hafa lágt hlutfall vinveittra baktería í þörmum er hættara við hægðatregðu og því dugandi heilræði að auka inntöku á góðum bakteríum, eins og virku bakteríunni Bifidobacterium lactis BB-12®.

„Bifidobacteria & Fibre“ kemur meltingunni í lag og er öruggt til inntöku fyrir börn eldri en eins árs, fullorðna, konur á meðgöngu og með börn á brjósti.

Til að viðhalda reglulegri meltingu er nóg að taka einn skammt á dag en við hægðatregðu er ráðlagt að taka upp í fjóra skammta daglega; með morgunmat, hádegismat, kvöldmat og áður en farið er að sofa.

OptiBac Probiotics er ný lína af meltingargerlum með vísindalega sannaðri virkni í meira en þrjátíu klínískum rannsóknum. Aðrar gagnlegar vörur frá OptiBac Probiotics eru:

„Bowel Calm“ (saccharomyces Boulardii) stoppar niðurgang á náttúrulegan og fljótvirkan hátt og er áhrifaríkt gegn gersveppaþoli (candida).

„Optibac for Every Day“ (extra sterkt) inniheldur 20 milljarða lifandi baktería í dagskammti. Bakteríurnar hafa verið ítarlega rannsakaðar í yfir 75 klínískum rannsóknum. Virkar vel gegn candida og iðrabólgu (IBS), sem hrjáir tuttugu prósent manna.

„Optibac for travelling abroad“ inniheldur mikið magn af góðum gerlum til



að tryggja gott jafnvægi í meltingunni á ferðalögum. Gott fyrir alla og öruggt fyrir konur á meðgöngu og börn frá þriggja ára aldri.

OptiBac-vörurnar innihalda blöndu sýrupolinna meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrur smáþarma, þar sem þeim er ætlað að virka.

OptiBac Probiotics fást á eftirfarandi stöðum; Lifandi markaður, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfsalinn, Lyfjaver, Lyfjaval, Reykjavíkurapótek, Apótek Vesturlands, Apótek Suðurnesja, Árbæjarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar og Urðarapótek.

Nánari upplýsingar á [www.facebook.com/optibaciceland](http://www.facebook.com/optibaciceland).

MARTA EIRIKSDÓTTIR



## FLATUR MAGI

### ■ OPTIBAC PROBIOTICS

Optibac Probiotics For a Flat Stomach dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvíð flatari. Ef þú ert með loft í maganum og þjáist af vindverkjum þá er lausnin fundin með hjálp vinveittra meltingargerla frá OptiBac Probiotics.

Marta Eiríksdóttir jógakennari mælir hiklaust með OptiBac Probiotics-vörum.

„Ég nota „For a Flat Stomach“ reglulega til að draga úr áhrifum fæðuþóls á meltinguna. Ég get ekki hugsað mér að vera án gerlanna.“



## GLEÐILEGT SUMAR

# MEÐ TUDOR



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)



**SKORRI**  
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

GERÐU GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

## Mikið úrval af hægindastólum



Nýjar sendingar Nýtt útlit Komdu og prófaðu!

**BOAS hægindasófi** með leðri á slitflötum  
Verð aðeins kr. **189.900**  
Litir: Dökkbrúnt og grátt

**Raf-lyfti-hvíldarstóll** með leðri á slitflötum  
Frábært fyrir fólk sem á erfitt með að standa upp

Verð aðeins kr.

**109.900**

Litir: Dökkbrúnt og grátt

12 mánn. vaxtalausar greiðslur - 3.5% lántökugjald



Baldur.nesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík



Nýjar sendingar Nýtt útlit Komdu og prófaðu!

**Svefn & heilsa**

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)





**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.  
Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447



Abendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)  
S A F T

# LÍMONAÐI Í LAUT

**LAUTARFERÐ** Sumarið er komið samkvæmt dagatalinu og því gaman að smyrja eitthvað ofan í körfu og halda í lautarferð með límonaði í flösku. Ef snjórinn er ekki farinn úr lautinni má skipta límonaðinu út fyrir heitt kakó.

**M**eð örlítilli fyrirhöfn má setja saman gírnilega nestiskörfu sem inniheldur það þrennt sem nauðsynlegt er í góða lautarferð; hinar sígildu samlokur, orkuríkt sætmeti og eitthvað að drekka.

Þar sem veðrið hér við norðurskaut vill oft ekki lúta því sem dagatalið segir gæti þurft að klæða sig hlýlega í fyrstu lautarferð sumarsins, og jafnvel hafa heitt með að drekka.

## SAMLOKUR

Veljið gott brauð í samlokurnar. Smyrjið aðra brauðsneiðina með sætu sinnepi en hina með majónesi eða sýrðum rjóma. Raðið síðan því sem hugurinn gírnist á milli. Til dæmis er bráðsniðugt að nota afganginn frá kvöldverði gærdagsins, eins og kaldan kjúkling eða kjötbollur og raða tómötum, káli, osti og lauk með á milli sneiðanna.

## BRÚNHILDUR

Kaka af einhverri sort er nauðsynleg í nestiskörfuna til að gefa orku í gönguferð eða útileiki. Dísæt brownie ætti að innihalda sæmilegan hitaeiningaskammt.

- ¾ bollar bráðið smjör
- 1 ½ bolli hvítur sykur
- 1 ½ tsk. vanilludropar
- 3 egg
- ¾ bollar hveiti
- ½ bolli kakó
- ½ tsk. lyftiduft
- ½ tsk. salt

Hitið ofninn í 175 gráður og smyrjið form. Blandið bráðnu smjörinu, sykri og vanillu saman í stóra skál. Hrærið egginn út í eitt í einu. Blandið saman hveiti, kakó, lyftiduft og salti í aðra skál og hellið því svo út í blauta hræruna. Jafnið deigið í mótið og bakið í 40 til 45 mínútur, eða þar til kakan byrjar að losna frá hliðunum. Kælið á grind og skerjið svo niður í hæfilega stóra bita. Pakkið inn í smjörpappír.  
[www.allrecipes.com](http://www.allrecipes.com)

## LÍMONAÐI

Svalandi drykkur á vel við á heitum degi en þar sem snjóa hefur víða ekki leyst enn mætti þó kippa nokkrum bréfum af skyndikakói með og heitu vatni á brúsa, til vonar og vara.

- 1 bolli nýkrestur sitrónusafi (5 - 6 sitrónur)
  - ½ til ¾ bolli fínn sykur
  - 1 bolli mulinn klaki
  - 4 bollar vatn
- Skellið öllu í blandara og þeytið þar til blandan er orðin mjúk. Ef hægt er að taka með poka af klökum er best að bera límonaðið fram á ís.  
[www.foodnetwork.com](http://www.foodnetwork.com)



**SVALADRYKKUR** Ískalt límonaði á vel við á heitum dögum. Takið með heitt vatn á brúsa og skyndikakó ef kalt er í veðri.



**LAUTARFERÐ** Sumarið er komið og þar með tími lautarferðanna.



**ORKUBOMBA** Sætmeti er nauðsynlegt að hafa með í ferðina sem orkuskot fyrir gönguferðina og útileikina.



**SAMLOKA** Eitt af því sem ekki má missa sín í nestisferðum er matarmikil samloka.



**TEPPI** Skynsamlegt gæti verið að taka með hlýtt ullarteppi í fyrstu lautarferð sumarsins.

**59,7% umgjarða**  
**nú**  
**FRÍAR**  
Einungis 5 verð í apríl  
FRÍTT - 5.000 - 10.000 - 15.000 og MINIMA 45.000  
Allar barnaumgjarðir friar, við kaup á glerjum!  
Gleraunaværslunin SJÓNARHÖLL ehf.  
Reykjavíkurvegi 22, 220 Hafnarfirði S.565-5970  
Við kaup á glerjum velur þú úr hundruðum fríra umgjarða

**NÝTT - NÝTT**  
**8 rétta hlaðborð í hádegini**  
**TILBOÐ**  
**KR. 1.390.-**  
**OPIÐ KL. 11:00-14:00**  
Hlaðborðið er alla virka daga, ekki um helgar.

  
**Kinahofid**  
NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022



## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Ópið mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

530 6500



Elín Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

Leiðhamrar 112 Rvk 49,9m



Vantar eignir á skrá Fritt verðmat

- Parhús á 2 hæðum, 165,8 fm
- Rúmgóð 4-5 herbergja eign
- Fallegur arkitektúr innan eignar
- Möguleiki á skiptum á minni eign, opin staðsetning
- Bílskúr og 2 verandir

[elin@fasteignasalan.is](mailto:elin@fasteignasalan.is)

Sími: 695 8905

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

SAFT



## Nýjar íbúðir við Vallakór

Stakfell fasteignasala kynnir: Nýjar glæsilegar íbúðir með garðsvölum við Vallakór 2. Alls 52 íbúða hús. Íbúðirnar er frá 79 til 143 fm.

Íbúðirnar eru einstaklega vel skipulagðar, rúmgóðar með vönduðum innréttingum og skilast fullbúnar með gólfefnum. Húsinu er skipt í fjóra reiti með þremur lyftuhúsum. Með flestum íbúðunum fylgir sérbílastæði í læstri, hálfopinni bílgeymslu. Hver íbúð er með rúmgóðum svölum með möguleika á glerlokun. Einnig er hægt er að koma fyrir útiástöðu fyrir húsgögn og fleira.

Mikið útsýni er einkennandi fyrir svæðið.

Eignin er staðsett á vinsælum stað í Kópavogi þar sem stutt er í flestalla þjónustu. Má þar nefna grunnskóla, leikskóla, íþróttakademíuna, sundlaug og fleira. Matvöruverslun er í göngufæri. Fyrstu íbúðirnar eru áætlaðar



tilbúnar til afhendingar um sumarið 2014 og áætluð verklok eru í nóvember 2014.

Allar nánari upplýsingar gefa sölumenn Stakfells í síma 535-1000.

### Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
[einar@fastmos.is](mailto:einar@fastmos.is)



KJARNNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • Sími: 586 8080 • FAX: 586 8081  
[WWW.FASTMOS.IS](http://WWW.FASTMOS.IS)

#### Holtamýri við Hafravatn



Fallegt heilsárshús á 1 hektara eignarlóð, rétt við Hafravatn í Mosfellsbæ. Einstakur staður á fallegri skógvaxinni lóð. Á aðal hæð í forstofa, stofa, eldhús, baðherbergi og setkrókur. Í risi eru svefnherbergi, setustofa og salerni. Í kjallara er sjónvarpshol, þvottahús og stór geymsla. Skipti koma til greina á íbúð í Reykjavík eða Kópavogi. V. 29,9 m.

#### Stakkhamrar 27 -112 Reykjavík



Fallegt og vel skipulagt 167,3 m<sup>2</sup> einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Stakkhamra 27 í Grafarvogi. Hellulagt bílplan og garður með timburverönd í suðvestur. Eignin skiptist í 3-4 svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr með góðu geymslulofti. V. 49,9 m.

#### Hamrabýggð 32 - 220 Hafnarfjörur



Laus strax

Fallegt 202,5 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr við Hamrabýggð 32 í Hafnarfirði. Þrjú svefnherbergi (fjögur á teikningu) Hellulagt bílplan. Timburverönd og skemmtileg lóð umhverfis húsið. V. 43,5 m.

#### Hlíð - Kjós



Fallegur 27 m<sup>2</sup> sumarþústaður á útsýnislóð við Hlíð 20 í Eilífssdal í Kjósarhreppi. Stór verönd er við húsið og mikill gróður í landinu. V. 7,2 m.

#### Laxatunga 75 - 270 Mos.



Mjög fallegt og vel skipulagt 200,8 m<sup>2</sup> einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Laxatungu 75 í Mosfellsbæ. Garðurinn er tyrtur, tvær timburverandir og heitur pottur. V. 54,7 m.

#### Hjallahlíð 19C - 270 Mos.



Falleg 117 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í fjórþýlishúsi ásamt 24,1 m<sup>2</sup> bílskúr við Hjallahlíð 19C í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í hjónaherbergi, tvö barnaherbergi (nú eitt stórt herbergi), fotstofu, baðherbergi, þvottahús, geymslu, stofu og eldhús. V. 36,5 m.

#### Súluhöfði 31 - 270 Mosfellsbær



Mjög fallegt 229,5 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð, þar af er 42,5 m<sup>2</sup> tvöfaldur bílskúr við Súluhöfði í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, hol, stóra stofu/borðstofu, eldhús með borðkrók, fjögur svefnherbergi, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús og bílskúr. Stórt bílplan og suðvestur pallur með heitum potti. V. 65,4 m.

#### Hamratangi 7 -270 Mosfellsbær



Laus strax

Fallegt og bjart 150 m<sup>2</sup> + risloft endaraðhús með bílskúr við Hamratanga 7 í Mosfellsbæ. Eignin er laus til afhendingar strax. Eignin skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, tvö barnaherbergi (nú eitt stórt herbergi), hjónaherbergi, baðherbergi, þvottahús, bílskúr og risloft. Eignin er skráð 150 m<sup>2</sup>, þar af raðhús 124,8 m<sup>2</sup> og bílskúr 25,2 m<sup>2</sup>. Risloftið er ekki inn í fermetratölu eignarinnar. V. 41,9 m.

#### Grundartangi 8 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 82,5 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja raðhús við Grundartanga 8 í Mosfellsbæ. Hellulagt bílplan og verönd með geymsluskúr fyrir framan húsið og garður með verönd og gróðurhúsi í suðvestur. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús/geymslu, stofu og eldhús. Gott geymsluloft er yfir húsinu. V. 27,9 m.

#### Skeljatangi 30 - 270 Mosfellsbær



Góð 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með séringangi af svölum við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, geymslu/þvottahús, baðherbergi, þrjú svefnherbergi, stofu og eldhús. Við hlíð inngangs í íbúðina er útigeymsla. Stutt er í sund, World Class, skóla og leikskóla. V. 27,9 m.





**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Guðmundur H. Steinþórsson**  
Lögg. fasteignasali  
gs@fastmark.is



**Elías Haraldsson**  
Lögg. fasteignasali  
elias@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Sökumaður  
gs@fastmark.is



**Elín D. Wyszamirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Halveig Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

# Vegna mikillar sölu óskum við eftir 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðum á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.

### Kirkjulundur 12- Garðabæ. Fullbúin 4ra herbergja útsýnisíbúð.



**OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG,  
FRÁ KL. 17.30-18.00**  
Glæsileg 129,0 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð með svölum til vesturs í 5 hæða glæsilegri nýbyggingu við Kirkjulund í Garðabæ auk 8,5 fm. geymslu í kjallara og sér bílastæðis í bílageymslu. Íbúðin er fullbúin og innréttað á vandaðan og smekklegan hátt. Innréttingar frá Fagus í Þorlákshöfn. Þrjú herbergi. Frábær staðsetning, stutt í alla þjónstu íbúðin er laus til afhendingar strax.

**Verð 55,9 millj.**  
Íbúð merkt 0302.  
Verið velkomin.

### Hraunteigur 7- Reykjavík. 3ja herbergja íbúð.



**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**  
66,5 fm. 3ja herbergja kjallaráíbúð á þessum eftirsóta stað. Íbúðin skiptist í forstofu/gang, rúmgóða stofu, eldhús, tvö herbergi, baðherbergi með sturtulefa og þvottaherbergi/geymslu. Frábær staðsetning þar sem Laugardalurinn er í göngufæri. Fallegur gróinn garður. Húsið að utan er í góðu ástandi m.a. steiningin og þak ásamt þakkanti.

**Verð 21,9 millj.**  
Verið velkomin.

### HÚSNÆÐI TIL LEIGU



**LAUGAVEGUR 51. SKRIFSTOFUHÚSN.**  
Til leigu glæsilegt og algjörlega endurnýjað 161,0 fm. skrifstofurými á 2. hæð við Laugavegin. Nýtt eldhús með nýjum tækjum, ný salerni og ný gólfefni. Hæðin er öll nýmálud að innan með nýjum loftljósum. Eitt sér bílastæði á baklóð fylgir rýminu. **Laust til afhendingar nú þegar.**

### 3JA HERBERGJA



**FUNALIND- KÓPAVOGI. EFSTA HÆÐ.**  
- Falleg 115,4 fm. íbúð á efstu hæð.  
- Verulega aukin lofthæð og skjólsælur suðursvalir.  
- Stórir gluggar til vesturs í stofu. 2 herbergi.  
- Húsið í góðu ástandi. Sameign til fyrirmyndar.  
**31,9 millj.**

### 4RA- 6 HERBERGJA



**LAXAKVÍSL - 5 HERB. ENDAÍBÚÐ.**  
Mjög falleg 131,7 fm 5. herbergja endaíbúð á 2. hæð í lágreistu fjölbýli. Aðeins fjórar íbúðir í húsinu. Íbúðinni fylgir 25,7 fm bílskur sem stendur sér í lengju. Samtals 157,4 fm. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Eldhús með fallegri innréttingu úr birki. Endahús í botnlanga. **42,9 millj.**

### SÉRBÝLI



**VIÐARÁS- REYKJAVÍK.**  
- Vandað 192,8 fm. tvílyft raðhús með 23,6 fm. innb. bílskur.  
- Þjört stofa með góðri lofthæð. Þrjú svefnherbergi.  
- Falleg ræktuð lóð með timburvernd.  
- Frábær staðsetning í Selásnum.  
**48,5 millj.**



**TIL LEIGU**  
**GRENSÁSVEGUR 8-SKRIFSTOFUHÚSN.**  
177,7 fm. skrifstofuhúsnæði á 3. hæð í góðu lyftuhúsi. Næg bílastæði. Stórt opið rými og þrjú skrifstofuherbergi. **Hagstætt leiguverð. Leiga til lengri eða skemmri tíma. Laust til afhendingar strax.**



**BÁSBRYGGJA- REYKJAVÍK.**  
- Glæsileg 100,0 fm. íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi.  
- Frábær staðsetning við sjávarkambinn. 30,8 fm. bílskur.  
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. 2 herbergi.  
- Sjávarútsýni af svölum. Þvottaherb. innan íbúðar.  
**34,9 millj.**



**FELLAHVARF- KÓPAVOGI. 4RA-5 HERB.**  
Stórglæsileg 135,8 fm 4ra - 5 herb. efri hæð með sérinnngangi í lágreistu fjölbýli og með óhindruðu útsýni yfir Elliðaavatn og Bláfjöll. Mjög fallegar og vandaðar samstæðar eikarinnréttingar. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Stofa og borðstofa með útgangi á suðursvalir. Skólar í göngufæri. **43,5 millj.**



**BAKKASTAÐIR.**  
- Mjög fallegt 253,8 fm. einbýlishús, óinnréttað rými í risi.  
- Tvennar stofur auk borðstofu. Fjögur herbergi.  
- Stór um 100 fm. suðvesturvernd með heitum potti.  
- Frábær staðsetning. Glæsilegt útsýni. Stutt í skóla.  
**71,0 millj.**



### Urðarstígur - Reykjavík

Fallegt og mikið endurnýjað 189,9 fm. parhús á þremur hæðum á rólegum stað utarlega í Þingholtunum. Húsið var allt innréttað uppá nýtt árið 2006, m.a. gólfefni, innihurðir, baðherbergi, raflagnir og tafla, neysluvatnslagnir að hluta o.fl. og er í mjög góðu ástandi hið innra. Stórar samliggjandi stofur. Borðstofa og eldhús í stóru opnu rými. Þrjú herbergi. Tvennar svalir til suðvesturs eru útaf stofum á efstu hæð hússins og nýtur þaðan mikils útsýnis, sem og frá stofum. Afgirt baklóð. **Verð 64,9 millj.**



### KIRKJULUNDUR 12-14 - GARÐABÆ

• Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja lúxusíbúðir með yfirbyggðum svölum. • Lyfta og sér stæði í bílageymslu.  
• Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna í maí nk. • Baðherbergi og önnur votrymi skilast flísalögð.  
• Staðsetning eignarinnar er afar góð í miðbæ Garðabæjar og stutt er í alla þjónustu. • Byggingaraðili: Kristjánssynir ehf.  
• **Stærðir íbúða frá 91,4 fm. upp í 135,9 fm. • Verð íbúða frá kr. 31.450.000.- upp í kr. 46.600.000.-**



### Vatnsstígur. Glæsileg 4ra herbergja útsýnisíbúð.



Mjög vönduð 166,1 fm. útsýnisíbúð í vesturenda á 6. hæð auk sér bílastæðis í lokaðri bílageymslu. Íbúðin er öll hönnuð og innréttuð að innan úr vönduðustu fánlegu byggingarefnum eftir teikningum frá Pálmari Kristmundssyni. Gólfisíðir gluggar eru í stofum og eldhúsi. Blágrýti og hnota eru á gólfum íbúðarinnar og allar innihurðir eru úr svartbæsaðri massívri eik og eru extra háar. Mikil óbein lýsing er í íbúðinni og mikið lagt uppúr henni. Aðeins tvær íbúðir eru á hæðinni.



### Fifumýri – Garðabæ.



361,3 fm. einbýlishús á þremur hæðum með innbyggðum 59,2 fm. bílskúr á frábærum stað neðst við opið svæði og með sjávarútsýni. Stórar verandir eru við húsið og hellulagðar stéttar og innkeyrsla með hitalögnum í. Þrjár samliggjandi stofur og er arinn í einni. Eldhús með vönduðum innréttingum. Fjöldi herbergja. Fataherbergi inn af hjónaherbergi. Full lofthæð í kjallara. Geymslur yfir húsinu um 57 fm. **Frábær staðsetning.**

**Verð 89,0 millj.**

### Sólvallagata. Glæsilegt einbýlishús.



Fallegt einbýlishús sem er tvær hæðir auk kjallara á þessum eftirsóttá stað í vesturbænum. Húsið er 235,5 fm. að stærð að meðtöldum 25,2 fm. bílskúr og hefur verið mikið endurnýjað á undanföllum árum m.a. eldhús, baðherbergi, lagnir o.fl. Aukin lofthæð er í stofum. Skipt hefur verið um járn á öllu húsinu og nýr bílskúr byggður frá grunni 2006. Nýlega byggður sólpallur út frá stofunni með stiga niður í garðinn. Húsið var allt málað 2013.

**Verð 77,9 millj.**

### Nýlendugata.



Afar glæsilegt 148,3 fm. einbýlishús á þremur hæðum á rúmgóðri lóð við Nýlendugötu í Reykjavík.

Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum og að utan er húsið nýviðgert og múrað uppá nýtt. Samliggjandi bjartar stofur og eldhús í rúmgóðu opnu rými. Þrjú herbergi. Húsið stendur á 252,0 fermetra afgirtri eignarlóð, sem nýlega var tekin í gegn með jarðvegsskiptum og hún tyrfd.

Frábær staðsetning í mjög sjarmerandi umhverfi austast á Nýlendugötu í þyrpingu gamalla húsa, með aðkomu frá Norðurstíg.

**Verð 54,9 millj.**

### SÉRBÝLI



#### MÓAFLÖT – GARÐABÆ

Glæsilegt 210,4 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 48,8 fm. innréttuðum bílskúr á Flötunum í Garðabæ. Húsið var nánast allt endurnýjað hið innra fyrir um 10 árum síðan og er í mjög góðu ástandi. Gólfefni eru ný og gólfhitalagnir í öllu húsinu. Allar innréttingar, innihurðir, eldhús, baðherbergi og lýsing í loftum eru endurnýjuð. 1.046 fm. gróin lóð með verönd til suðurs.

**85,0 millj.**

### SÉRBÝLI



#### VÍÐIHLÍÐ – REYKJAVÍK

Fallegt 201,5 fm. endaraðhús með glæsilegri lóð og um 70 fm. nýlegum palli út frá stofu. Nýleg sérsmiðuð innrétting í eldhúsi. Borðstofa sem tengist eldhúsi og stofu á skemmtilegan hátt. Arinn í stofu. Garðstofa. Fjögur herbergi. Eignin hefur fengið gott viðhald í gegnum árin og er í mjög góðu ástandi. Þak hefur verið yfirfarið og málað. MÖGUL. AÐ TAKA YFIR UM 40 MILLJ. KR. LÍFEYRISSJÓÐSLÁN. **59,8 millj.**

### 4RA- 6 HERBERGJA



#### LAUFÁS- GARÐABÆ. NEÐRI SÉRHÆÐ.

119,2 fm. neðri sérhæð í tvíbýlishúsi auk 29,8 fm. bílskúrs og sér geymslu í kjallara í Ásahverfinu í Garðabæ. Íbúðin var öll endurnýjuð hið innra fyrir um 10 árum síðan, s.s. gólfefni, eldhúsinrétting, innihurðir, baðherbergi, þvottaherbergi o.fl. Sjónvarpshol með útgengi á verönd. Samliggjandi bjartar stofur. Þrjú herbergi. Eignin er laus til afhendingar strax.

**39,9 millj.**



#### LERKIÁS- GARÐABÆ

Fallegt 179,7 fm. endaraðhús á tveimur hæðum að meðtöldum 21,7 fm. bílskúr. 2-3 svefnherbergi og gott stofurými. Opið eldhús með ljósi viðarinnréttingu. Innfellt lýsing er á allri efri hæðinni. Gólfisíðir gluggar eru í stígauppgangi sem gefa góða birtu. Útsýnis nýtur frá svölum á efri hæð. Stór timburverönd með skjólveggjum. Eikarparket og náttúruflisar á gólfum.

**59,5 millj.**



#### SIGURHÆÐ- GARÐABÆ

Mjög fallegt og vandað 292,0 fm einbýlishús að meðtöldum 44,0 fm. bílskúr í Hæðahverfinu í Garðabæ. Húsið stendur á 840 fm. skjólgóðri lóð með afgirtri verönd með heitum potti. Eldhús er nýlega endurnýjað. Nýtt og vandað aðalbaðherbergi. Ný gólfefni að hluta og hiti í gólfum að hluta. Samliggjandi stofur með arni. 5 herbergi. Frábær staðsetning í góðu göngufæri við skóla.

**79,9 millj.**



#### LANGALÍNA- 5 HERB. ÍBÚÐ MEÐ ÞAKGARÐI.

Glæsileg 171,8 fm. íbúð á efstu hæð með um 85 fm. þakgarði til suðurs og vesturs í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi. Tvö sér stæði í bílageymslu fylgja eigninni. Íbúðin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Lofthæð í íbúðinni er allt að 5,5 metrar. Samliggjandi rúmgóðar og bjartar stofur með gólfisíðum gluggum. Þrjú herbergi. 20 fm. svalir til norðausturs með yfirbyggðu þaki.

**85,0 millj.**



#### Skrúðás 2 – Garðabæ.

OPIÐ HÚS NK. MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17.30-18.00

Mjög fallegt, vandað og vel skipulagt 235,9 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 37,1 fm. bílskúr á útsýnisstað í Garðabæ. Fimm rúmgóð svefnherbergi eru í húsinu. Mikil lofthæð er í stærstum hluta hússins og innfellt lýsing í loftum að stórum hluta. Allar innréttingar, innihurðir og loftaklæðningar að mestu eru úr beyki. Stórar verandir með skjólveggjum og rúmgóður flisalagður bílskúr með mikilli lofthæð og háum innkeyrsludryrum. Framlóð hellulögð og með hitalögnum í innkeyrslu og stéttum. **Verð 79,5 millj. Verið velkomin.**



#### Hofslundur 11 – Garðabæ. Endaraðhús.

OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.30-18.00

Vel skipulagt 158,0 fm. endaraðhús á einni hæð með innbyggðum 27,0 fm. bílskúr á góðum stað neðst í Lundunum í Garðabæ. Samliggjandi bjartar stofur. Eldhús með nýlegum ljósum viðarinnréttingum. Útgengi á verönd bæði úr stofu og úr eldhúsi. Tvö herbergi (þrjú á teikningu). Ræktuð lóð. Geymsluft yfir bílskúr. <B>Vel staðsett eign innst í botnlanga. **Verð 49,9 millj. Verið velkomin.**





Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali  
Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali  
Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali  
Uppsetning Stefans Metz leikstjóra miðar að því að undirstríka tímaleysi og að textinn fái notið sín í flutningi leikaranna. Leikmyndin er fremur einföld en áhrifarík og búningar eru hlutlausir. Þó sá sem þetta ritar hefði gjarnan viljað sjá tilraunir gerðar með að stíga skref í átt til nútímans þá geta slíkar æfingar vitaskuld endað með ósköpum. Verkið er kyrfilega skrifað inn í tiltekinn tíma. Lögnin er hugsuð þannig að áhorfandans er að setja verkið í samhengi og uppsetningin fremur hefðbundin. Kristján Þórður Hrafns-son þýðir verkið, sem áður hefur verið sett upp á Íslandi í þýðingu Jakobs Benediktssonar. Hin nýja þýðingin er furðu fornleg og mér liggur við að segja óþjál – ekki til þess fallin að tengja við nútímamann. Hún stendur nær ritmáli en talmáli og gerir leikurum ekki auðvelt að ná hinni æskilegu tengingu við Ísland dagsins í dag. Stundum fannst manni eins og það vantaði bara þeringarnar. Þetta er nokkuð sem erfitt hlýtur að vera fyrir erlendan leikstjóra að átta sig á. Þeim mun meira afrek verður þá að teljast að hafa náð að kalla fram það besta í sterkum leikhópi Þjóðleikhússins.

### Leikarar fara á kostum

Þetta er fremur mannmörg sýning, átján leikarar taka þátt og erfitt að taka einhvern sérstaklega út úr; allir áttu góðan dag. Hilmir Snær Guðnason fer með hlutverk Johns Proctor – hans síðasta hlutverk hjá Þjóðleikhúsinu að sinni. Hilmir Snær hefur auðvitað sýnt á löngum og farsælum ferli að hann er einn okkar allra bestu leikara. Hann fer sérlega vel með hlutverk Proctors sem stendur frammi fyrir erfiðum siðferðilegum spurningum. Samleikur hans og Margrétar Vilhjálmisdóttur, sem fer með hlutverk konu Proctors, er frábær en samband þeirra er langt í frá einfalt. Margrét fór vel með sitt, lék á hófstílltum nótum og datt ekki í þá gryfju að yfirdramatísera en sú hættu blasir við. Þjóðleikhúsið hefur veðjað á Elmu Stefaníu Ágústsdóttur og ljóst að þar



ELDRAUNIN „Það ætti að skylda alla landsmenn til að sjá þessa mjög svo góðu sýningu.“  
MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

fer mikið efni. Hún sýndi fyrr á þessu leikári mikinn styrk í Harmsögu og er sem teiknuð í hlutverk Abigail – stúlkunnar sem svífst einskis og steypir fólki í glötun ef það hentar. Það gerir Elma Stefanía á snaggaralegan og sannfærandi hátt. Ekki verður hjá því komist að nefna þann fjársjóð sem Þjóðleikhúsið á í fólki eins og Arnari Jónssyni, Guðrínu Gísladóttur og Sigurði Skúlasyni. Þau léku við hvurn sinn fingur í þessu sterka verki og sköpuðu eftirtektarverðar persónur. Það gerðu einnig Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson – svo einhver séu nefnd.

Jakob Bjarnar Grétarsson

**NIÐURSTAÐA:** Skoðun þess sem hér heldur um penna er sú að það ætti að skylda alla landsmenn til að sjá þessa mjög svo góðu sýningu; svo brýnt erindi á hún við íslenskan samtíma.

# Rafbíllinn Ókeypis

## Láttu bensínsparnaðinn borga bíllinn!

Rafbíll er um 90% ódýrari í rekstri en bensín eða díselbíll. Sumir viðskiptavina islandus.is spara svo mikið að þegar upp er staðið kostar rafbíllinn ekkert. Sparnaður stendur að fullu undir afborgunum.



Lægsta verð frá Evrópu &amp; USA



Eigum Citroen Berlingo rafbíl til afgreiðslu strax. Kíktu á hann við Tékklund Holtagörðum.



Sparaðu 2 milljónir! - 100% fjármögnun og Íslensk ábyrgð í boði.



islandus.is

www.islandus.is — facebook.com/islandusbilar — Sími: 552 2000



# ÓTRÚLEGT TILBOÐ

## HAGSTÆÐASTA 10" DUAL CORE SPJALDTÖLVA Í SÖGU TÖLVULISTANS!

Vegna mikilla vinsælda 5.000 króna aukaafsláttarins á vinsælustu spjaldtölvunni okkar höfum við ákveðið að framlengja tilboðið sem slegið hefur í gegn. 10" skjár og sprækur A20 Allwinner Dual Core örgjörvi ásamt nýja Android 4.2 stýrikerfinu. Langlægsta verð sem við höfum náð á sambærilegri spjaldtölvu.

## SÉRSTAKT TILBOÐSVERÐ

# 14.990

FULLT VERÐ 19.990  
AÐEINS 1 STK. Á MANN

### Leiktæki fyrir börn og fullorðna

Spjaldtölvur eru einfaldar og þægilegar í notkun fyrir bæði börn og fullorðna. Hægt er að nálgast tugþúsundir ókeypis leikja og smáforrita, fara á netið, horfa á bíómyndir, hlusta á tónlist og lesa rafrætur.

### Android 4.2

Nýleg uppfærsla Android stýrikerfisins sem býður upp á nýja möguleika og skemmtilegri valmyndir. Nú er hægt að stofna fleiri notendur inn á eina tölvu þar sem hver getur búið til sitt svæði.

### Google Play

Aðgangur að þúsundum ókeypis og hagkvæmra smáforrita opnast með Google Play. Og með Android 4.2 þá fæst aðgangur að kröfuhörðustu smáforritunum.



Android 4.2  
Jelly Bean



Google play

## UNITED United TAB 1023

Ný og endurhönnuð 10" United spjaldtölva með nýja A20 Dual Core örgjörvanum og Mali 400MP2 grafikkjarna. 1GB DDR3 vinnsluminni og 8GB Flash minni sem hægt er að stækka um 32GB með SD minniskorti. Android 4.2 Jelly Bean stýrikerfið, myndavél að aftan og framan og HDMI tengi fyrir sjónvarpið.

### 8GB minni stækkanlegt í 40GB

Kemur með 8GB innbyggðu Flash minni sem hægt er að stækka í 40GB með 32GB MicroSD minniskorti.

### Myndavél að framan og aftan

Tvær myndavélar til að taka ljósmyndir eða myndbönd. 2MP að aftan og VGA upplausn að framan.

### HDMI og USB

Með HDMI er hægt að tengja spjaldtölvuna í bestu gæðum við sjónvarp eða hljómtæki og USB tengi fyrir gagnamiðlun.

### Capacitive fjölsnertiskjár

Næmur og hraðvirkur skjár með 1024x600 punkta upplausn. 16:9 skjáhlutföll.

### 2 ára traust ábyrgð

Tölvulistinn hefur rekið sitt eigið þjónustuverkstæði og veitt ábyrgðarþjónustu sem hægt er að treysta í 20 ár.

### Létt og meðfærileg

Skemmtilega hönnuð með grárri bakhlíf og svartri framhlið. Þunn og vegur lítið þannig að auðvelt er að taka hana með sér hvert sem er á ferðina.

FRÁBÆR SPJALDTÖLVA FYRIR SUMARIÐ!



OPIÐ

Virka daga 10-18  
Laugardaga 11-16

tl.is

# TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK  
SUDURLANDBRAUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

HÚSAVÍK  
GARÐARSBRAUT 18A  
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOSS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

AKRANES  
ÞJÓÐBRAUT 1  
Sími 431 333

HAFNARFJÖRÐUR  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750



**SMÁRABÍÓ** HÁSKÓLA BÍÓ





**SMÁRABÍÓ** 5%  
 THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D KL. 5-8-10:50  
 THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D LÚLUS KL. 5-8-10:50  
 THE AMAZING SPIDER-MAN 2 2D KL. 5-8-10:50  
 RIO 2 2D ISL. TAL. KL. 3:30-5:45  
 RIO 2 3D ISL. TAL. KL. 3:30  
 OCULUS KL. 8-10:20  
 HARRY OG HEIMIR KL. 6-8-10

**HÁSKÓLA BÍÓ** 5%  
 THE WINTERS TALE (BALLET) KL. 6:15  
 THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D KL. 6-9-10  
 RIO 2 2D ISL. TAL. KL. 5:45  
 HARRY OG HEIMIR KL. 6-8-10:20  
 GRAND BUDAPEST HOTEL KL. 8-10:15

Miðasala á: **eMiði**

**BÍÓBYLTING**  
 ÞRÍJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AD FARA Í BÍÓ  
 VAMAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

BESTA VERÐIÐ  
 Oðryra fyrir kl. 19.  
 EJÓLSKYLDUPAKKINN  
 Allur borga barnaverð.  
 GÆÐASTUND  
 Fyrir 18 ára og eldri.

## George Clooney kemur á óvart

Bandaríski leikarinn og hjartaknúsarinn George Clooney fór á skeljarnar fyrir skömmu, ef marka má erlenda miðla. Samkvæmt People Magazine hefur hann trúlofast breska lögfræðingnum Amal Alamuddin.



**GEORGE CLOONEY** er 52 ára gamall hefur löngum verið þekktur fyrir að vera einn heitasti piparsveinn heimsins en hann og Alamuddin sem er 36 ára gömul byrjuðu að stinga saman nefjum í októbermánuði.

Til þeirra sást á veitingastað í Los Angeles fyrir skömmu og samkvæmt erlendum miðlum bar Alamuddin þar stærðarinnar hring á fingri.

Clooney hefur einu sinni gengið í það heilaga, en eftir að hann skildi árið 1993 hefur hann verið einn vinsælasti piparsveinn heims.

## Örlagaríkur Dagur

**BAKPANKAR** Ég fór í afmælisveislu á dögnum og Hauks Viðars Alfreðssonar



Ég fór í afmælisveislu á dögnum og Hauks Viðars Alfreðssonar. Ég get varla hugsað um það sem gerðist öðruvísi en að maginn fari á hvolf, svo hryllilega aulalegt var það. Einn veislugesta var hinn skeleggi og skeggjaði þingmaður, Guðmundur Steingrímsson, og gaf hann sig á tal við mig. Ég hef aldrei hitt hann áður, og eftir samskipti okkar í veislunni vill hann eflaust aldrei hitta mig aftur. Það var nefnilega þannig að í örskamma stund, eftir tvo eða þrjá bjóra, ákvað heilinn minn, algjörlega að eigin frumkvæði, að Guðmundur og Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi væru einn og sami maðurinn.

**TIL** að gera langa sögu stutta þá greip Guðmundur mig glöðvolgan við að kalla sig Dag og ég átti aldrei möguleika á að ljúga mig út úr þessu. Ég reyndi að vísu, en tilraunin var aumkunarverð. „Ekki reyna þetta. Þú ert búinn að klúðra þessu,“ sagði þingmaðurinn glottandi og sneri sér að viðmælendum sem

meira vit var í. Skömmin var óbærileg og ég fann hvernig andlit mitt snögghitnaði.

**ÉG** á mér litlar málsbætur. Ég hef að vísu ekki verið fréttamaður nema í eitt og hálf ár en ég hef talað við bæði Guðmund og Dag í síma með reglulegu millibili vegna vinnunnar. Og þrátt fyrir að vera enginn stjórnmálafræðingur þá þekki ég núorðið flesta þingmenn og borgarfulltrúa með nafni. Ég veit meira að segja muninn á vinstri og hægri. Nokkuð gott bara.

**ÆTLI** ég neyðist ekki til að skella skuldinni á barnslega afstöðu mína til stjórnmála. Það skiptir mig engu máli hvaða flokkum fólk tilheyrir, ég skipti því bara í tvær fylkingar. Annars vegar eru það „góðir“ og hins vegar „vondir“. Það vill svo til að Guðmundur og Dagur eru báðir góðir þó þeir séu ekki í sama flokknum. Reyndar eru bæði góðir og vondir í hverjum einasta flokki. Því spyr ég: Er ekki kominn tími á að leggja niður alla flokka og kjósa þess í stað á milli góðra og vondra? Það myndi allavega einfalda málin í maí.

## Þekkt andlit á frumsýningunni

Leikritið Eldraunin var frumsýnt um helgina í Þjóðleikhúsinu og voru mörg kunnugleg andlit mætt á svæðið.



**TVEIR HRESSIR** Ari Matthíasson og Benedikt Erlingsson skemmtu sér konunglega.



**TVER FLOTTAR** Sigrún Halla Halldórsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir voru glæsilegar að vanda.



**GLÆSILEG** Alexía Björg Jóhannesdóttir og Guðmundur Steingrímsson voru svo sannarlega mætt á frumsýninguna.



**LEIKKONAN OG LEIKSTJÓRINN** Birna Hafstein og Rúnar Guðbrandsson áttu ekki í vandræðum með að stilla sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.



**SÆL Á SVIP** Guðrún Sesselja Arnardóttir og Jóhann Sigurðarson nutu sín í botn.



**SÆT SAMAN** Sigrún Eyjólfssdóttir og þingmaðurinn Árni Páll Árnason áttu góða stund í Þjóðleikhúsinu.





**FÁGUD OG FLOTT** Stórsöngvarinn Kristján Jóhannsson og eiginkona hans, Sigrúna Sværisdóttir létu sig ekki vanta í Þjóðleikhúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

**LAUGARÁS BÍÓ** Coca-Cola




**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar  
 SPIDERMAN 2 5, 8, 10, 10:50 POWER  
 RIO 2D 5  
 A HAUNTED HOUSE 2 8, 11  
 HARRY OG HEIMIR 5, 7, 9

**SAMBIO.IS**

**SAMBIO IS ALFABAKKA**  
 THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D KL. 5-8-10:55  
 THE AMAZING SPIDER-MAN 2 VIP 2D KL. 5-8-10:55  
 THAT AWKWARD MOMENT KL. 8:10-10:20  
 DIVERGENT KL. 5:10-8-10:55  
 RÍÓ 2 ISL 2D KL. 6  
 CAPTAIN AMERICA 2 3D KL. 5:10-8-10:45  
 NOAH KL. 8  
 NEED FOR SPEED KL. 10:55  
 THE LEGO MOVIE ISL 2D KL. 5:50

**SAMBIO IS EGILSHÖLL**  
 THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D KL. 4:45-7:40-10:35  
 THAT AWKWARD MOMENT KL. 8  
 DIVERGENT KL. 4:50-7:40-10:30  
 CAPTAIN AMERICA 2 3D KL. 4:50-7:40-10:30  
 NOAH KL. 5:10  
 NEED FOR SPEED KL. 10:10

**SAMBIO IS KRINGLUNNI NÚMÉRÚD SÆTI**  
 THAT AWKWARD MOMENT KL. 5:50-8-10:10  
 DIVERGENT KL. 6-9  
 CAPTAIN AMERICA 2 2D KL. 9  
 GAMLINGINN KL. 6

**SAMBIO IS KEFLAVÍK**  
 THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D KL. 8-10:55  
 THAT AWKWARD MOMENT KL. 8  
 DIVERGENT KL. 10:10

**SAMBIO IS AKUREYRI**  
 THAT AWKWARD MOMENT KL. 8-10:45  
 DIVERGENT KL. 8  
 CAPTAIN AMERICA 2 3D KL. 5:10-10:10  
 NOAH KL. 5:10

**SAMBIO.IS**

# Við hreinsum sótagناسiur í dísilbílum




**Vélsmiðja Grindavíkur**  
 Seljabraut 3 · 240 Grindavík

**Bifreiðaverkstæðið Klettur**  
 Hrísmýri 3 · 800 Selfoss

**Bílhúsið**  
 Smiðjuvegi 60 · 200 Kópavogur

**Pantaðu tíma núna**

**Stilling**  
 Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

**BÍÓ PARADÍS**





LIÐ FLEIR STJÓRNAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - NÚMÉRÚD 42 778 - Hverfisgata 54 - Bioparadís - Hall of Europa Cinema





**TEKUR FULLA ÁBYRGÐ Á VERKINU** Snorri segir ádeilu í verkinu, en segir þó gleðina ráða ríkjum.

MYND/SPESSI

# Gyðingar og dragdrottning

Snorri Ásmundsson syngur dansútgáfu af þjóðsöng Ísraels á hebresku í nýju vídjóverki.

Á sumardaginn fyrsta fóru fram tölur á nýju vídeóverki Snorra Ásmundssonar, „Hatikva“.

„Tökur tókust glimrandi vel en ég var með eintóma snillinga með mér í öllum hlutverkum. Ég fékk tildæmis Birgi Gíslason sem hefur áður verið með í gjörningi með mér og vin hans, Björgvin, til að leika rétttrúnaðargyðinga,“ segir Snorri, en Birgir hefur starfað mikið með Snorra. „Svo kemur Auður Ómarsdóttir fram í gervi múslima og Rebekka Moran í gervi kúreka-stelpu. Svo er Árni Grétar íklæddur leðurfrakka og með Davíðsstjórnuna um arminn,“ segir Snorri um verkið.

Hatikva er nafn á þjóðsöng Ísraels. „Ég syng dansútgáfu af laginu á hebresku í gervi Dönu International sem vann Eurovision-keppnina 1998 fyrir hönd Ísraels,“ útskýrir Snorri.

Marteinn Thorsson sá um myndatöku og tónlistina útsetti Árni Grétar, betur þekktur sem Futuregrapher. „Ég er búinn að vera með þetta verk í maganum í tvö ár svo það varð spennufall þegar ég lauk því loksins í gær. Ég frumsýni verkið í lok maí í 21der Haus, nútímalistasafni Vínarborgar,“ segir Snorri jafnframt, en hann fékk styrk úr Myndlistarsjóði fyrir verkinu.

Enn hafa ekki verið ákveðnar sýningar á verkinu hér á landi. „Verkið hefur þegar vakið umtal og áhugi er víða og verður tónlistin meðal annars gefin út á vinyíl í Belgíu. En ég tek fulla ábyrgð á þessu verki og geri mér grein fyrir að það á eftir að hreyfa við mörgum enda má sjá ádeilu í því þótt gleðin ráði ríkjum.“

olof@frettabladid.is

## FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN



### Ársfundur

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn á morgun, **29. apríl kl. 17.15**, í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

### Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Á fundinum verður kosið um tvo stjórnarmenn til tveggja ára og tvo varamenn til eins árs. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins má nálgast á frjalslif.is.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.





# „BESTU KAUPIN“

KYNNTU ÞÉR **SKYACTIV** SPARTÆKNI MAZDA  
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR



BEINSKIPTUR FRÁ 4.490.000 KR.  
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 4.790.000 KR.

## MAZDA6

Mazda6 eru bestu kaupin í sínum flokki samkvæmt ritdómi Morgunblaðsins. Það ætti engan að undra því Mazda6 sameinar glæsilega hönnun, framúrskarandi akstursánægju og ótrúlega sparneytni. SKYACTIV spartækni Mazda skapar fádæma sparneytni fyrir stóran fjölskyldubíl. Þar sameinast ný vélar- og sjálfskiptitækni ásamt léttum en ofursterkum málum sem léttu bílinn. Eldsneytisnotkun SKYACTIV vélanna með sjálfskiptingu er einungis 4,8 l/100 km fyrir dísilvél og 6,0 l/100 km fyrir bensínvél.

MAZDA. DEFY CONVENTION.

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Vissir þú að Mazda6 hefur þennan staðalbúnað?

Snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjara, upplýsingasnertiskjá í mælaborði, hraðastilli (cruise) og regnskynjara í framrúðu. Komdu í reynsluakstur og gerðu samanburð.

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á



1. sæti ???
2. sæti ???
3. sæti ???
4. sæti ???
5. sæti ???
8. sæti ÍBV
8. sæti Þór
8. sæti Fram
9. sæti Keflavík
10. sæti Víkingur
11. sæti Fylkir
12. sæti Fjölnir




## ÍBV hafnar í 6. sæti

Eftir vissan stöðugleika og mikinn uppgang undir stjórn Heimis Hallgrímssonar mæta Eyjamenn til leiks með nýjan þjálfara í brúnni annað árið í röð eftir að Hermann Hreiðarsson ákvað að halda ekki áfram með uppeldisliðbinn. Þá er David James einnig farinn.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fyrrverandi þjálfari kvennalandsliðsins, er tekinn við ÍBV og spreytir sig nú í fyrsta skipti í meistaraflokksþjálfun með karlmennt.

Það verður mjög forvitnilegt að sjá hvernig þessum flotta þjálfara tekst að taka skrefið yfir og hvað hann gerir með Eyjalíðið.



## → Lykilmaðurinn

Einn af bestu, ef ekki einfaldlega bestu miðvörðum deildarinnar. Af hverju þann hefur ekki fengið sanngjarnt tækifæri í atvinnumennsku skilja fáir enda verið frábær í Pepsi-deildinni í nokkur ár núna þótt kornungur sé, fæddur 1994.

Eiður er eins traustur varnarmaður og þeir gerast. Góður í loftinu, sterkur í návígi, með mikinn leikskilning og fullur af baráttuvilja. Það myndu öll liðin í deildinni vilja hafa hann innan sinna raða.

## → Þjálfarinn

Sigurður Ragnar Eyjólfsson er 41 árs og á sínu fyrsta ári með Eyjalíðið. Hann stýrði áður kvennalandsliðinu með frábærum árangri.



## TÖLURNAR Í FYRRA

Mörk skorud	10. sæti (1,18 í leik)
Mörk á sig	5. sæti (1,27 í leik)
Stig heimavelli	5. sæti (17 af 51,5%)
Stig á útivelli	8. sæti (112 af 36,4%)

## → Nýju andlitin

Abel Dhaira (Tansaníu)  
Jökull I. Elísabetarson (Breiðabli.)  
Atli Fannar Jónsson (Breiðabliki)  
Dominic Adams (Trínídad)  
Jonathan Glenn (Trínídad)

## FYLGSTU MEÐ PESSUM

Abel Dhaira: Markvörðurinn öflugur er mættur aftur til Eyja. Hann fær stundum gagnrýni fyrir að fara í skógarhlaup en tölurnar tala sínu máli. Síðast þegar hann spilaði með ÍBV árið 2012 fékk ekkert lið í deildinni á sig færri mörk. Afspaklega góður markvörður.

GENGID SÍÐUSTU SEX TÍMABIL > 2008 (B-deild, 1. sæti) - 2009 (10. sæti) - 2010 (3. sæti) - 2011 (3. sæti) - 2012 (3. sæti) - 2013 (6. sæti)

Íslandsmeistarar: 3 sinnum (síðast 1998) / Bikarmeistarar: 4 sinnum (síðast 1998)



BIKAR Á LOFT Baldur Sigurðsson lyftir bikarum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Fimmti meisttarabikar KR

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar KR fögnuðu sigri í Meistarakeppni KSÍ í gær þegar þeir lögðu bikarmeistara Fram, 2-0, á gervi-grasinu í Laugardal þar sem Framarar byrja væntanlega Íslandsmótið.

Kjartan Henry Finnbogason skoraði fyrra mark KR úr vítaspyrnu en Emil Atlason það síðara í seinni hálfleik.

Þetta er fimmti sigur KR-inga í Meistarakeppni KSÍ. - tom

## Stjörnustúlkur höfðu betur

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar Stjörnunnar unnu bikarmeistara Breiðabliks, 3-0, í úrslitum A-deildar Lengjubikars kvenna í gærkvöldi. Danka Podovac kom Stjörnunni í 1-0 í fyrri hálfleik og markadrottning síðasta árs, Harpa Þorsteinsdóttir, bætti við tveimur í þeim síðari. Liðin mætast aftur í Meistarakeppni KSÍ á föstudag. - tom

## Fæst FIS-stig

**SKÍÐI** Helga María Vilhjálmssdóttir, landsliðskonan í alpagreinum, hafnaði í 8. sæti á svigmóti í Hemsedal í Noregi í gær. Fyrir árangurinn fékk Helga 37,76 FIS-punkta sem er hennar þriðji besti árangur á ferlinum. Hún gerði enn betur á öðru svigmóti í Ál á laugardaginn. Þar hafnaði Helga einnig í 8. sæti og fékk fyrir það 32,42 FIS-punkta sem er hennar allra besti árangur. - tom

# Segi hlutina hreint út

Elsa Sæný Valgeirsdóttir er búin að vinna þrennuna með karlalið HK í blaki á fyrstu tveimur árum sínum í þjálfun. Heldur að hún geti ekki þjálfað stelpur.

**BLAK** „Þetta var magnað og alveg ólýsanlegt,“ segir Elsa Sæný Valgeirsdóttir, þjálfari karlaliðs HK í blaki, sem fagnaði þriðja Íslandsmeistaratitlinum í röð eftir sigur á Stjörnunni í oddaleik, 3-0, á heimavelli sínum í Fagralundi í Kópavogi.

HK-liðið upplifði hálfpartinn að vinna leikinn tvisvar því þegar það hélt sig hafa skorað sigurstigið dæmdu dómarnir Stjörnunni í hag og þurftu HK-menn að ná áttum aftur og koma sér niður á jörðina hið snarasta.

„Þetta var alveg ótrúlegt. Það var eins og kipt væri undan manni fótunum en strákarnir sýndu ótrúlega sterkan karakter. Ég tók leikhle eftir úrskurð dómarsins og sá það í augum strákanna að þetta myndi ekki slá okkur út af laginu. Þetta var alveg hryllilegt samt. Spennan var rosaleg,“ segir Elsa Sæný.

Eftir fjóra rafmagnaða leiki var HK-liðið einfaldlega sterkara í oddaleiknum. „Við mættum mjög ákveðin til leiks og settum tóninn í fyrstu hrinu. Allar hrinurnar voru rosalega spennandi eins og einvígið er búin að vera en móttökur og uppgjafir voru góðar hjá okkur.“

## Tvær þrennur

Elsa Sæný, sem sjálf er margreyndur leikmaður og meistari, tók þá ákvörðun fyrir tveimur árum að þjálfar karlalið HK sem þá var ríkjandi Íslandsmeistari. Gengið gæti ekki mögulega verið betra því hún er búin að vinna þrennuna (deildarbikarinn, bikarinn og Íslandsmeistaratitlinn) bæði árin með liðið.

„Þetta er búin að ganga eins og í ævintýri og nú fengum við bikarinn til eignar. Hann er bara okkar,“ segir Elsa Sæný sem hugsaði sig tvisvar um áður en hún tók að þjálfar karlalið en slíkt er ekki algengt hér á landi frekar en annars staðar.



DROTTNINGIN Í FAGRALUNDI Elsa Sæný Valgeirsdóttir er búin að gera HK að þreföldum meisturum tvö ár í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Að taka starfið var ekkert það fyrsta sem mér datt í hug þegar mér bauðst það. Ég bjóst við að þetta yrði erfitt og ég myndi upplifa eitthvað mótlæti en mér var strax tekið rosalega vel. Þetta getur auðvitað verið svolítið skrítið en núna held ég að ég gæti ekki þjálfað stelpur. Með strákana get ég bara sagt hlutina hreint út og þarf ekkert að fara í kringum hlutina. Það hentar mér mjög vel. Svo fæ ég rosalega mikinn stuðning frá HK sem er frábært,“ segir hún.

## Ekki í frí strax

Árangur karlaliðs HK í ár er merkilegur í ljósi þeirrar uppbyggingar sem Elsa Sæný þurfti að gera á liðinu eftir síðasta tímabili.

„Ég missti nánast allt byrjunarliðið frá því í fyrra. En sem betur fer eigum við mikið af ungom og efnilegum strákum og vonandi halda þeir áfram að koma upp,“ segir hún.

Elsa fær ekki sumarfrí frá blakinu alveg strax því hún var fyrr á árinu ráðin aðstoðarþjálfari karlallandsliðsins. „Ég er bara að fara að byrja á því verkefni núna. HK-samningurinn minn rennur út í apríl og ég veit ekki hvað verður. Það er bara samið til eins árs í einu. En það taka við landsliðsverkefni áður en maður fær smá blak-sumarfrí,“ segir Elsa Sæný Valgeirsdóttir, blakdrottningin í Fagralundi.

tom@frettabladid.is

# Fyrsta deildartap ársins rándýrt

Manchester City í fínni stöðu eftir tap Liverpool fyrir Chelsea á Anfield.

**FÓTBOLTI** Liverpool hleypti miklu lífi í titilvoni Manchester City þegar liðið tapaði fyrir Chelsea, 2-0, á Anfield í 36. umferð ensku úrvalsdeildarinnar í fótbolta í gær en tveimur tímum eftir að Mourinho og lærisveinar hans höfðu tryggt sér sigurinn á Anfield vann City 2-0 sigur á Crystal Palace.

Liverpool er búin að vera á ótrúlegum skriði í deildinni á árinu og var fyrir leikinn í gær búin að vinna fjórtán leiki, gera tvö jafntefli og tapa engum af þeim sextán sem það hafði spilað á árinu. Síðasta liðið til að vinna Liverpool áður en það tók á þennan sprett var einmitt Chelsea sem hafði betur í leik liðanna 29. desember á síðasta ári.

Fyrra mark leiksins skoraði Demba Ba eftir að Steven Gerrard hrasaði með boltann í öftustu línu. Willian skoraði það síðara eftir að hann og Torres sluppu einir í gegn

frá miðju en Torres gaf Willian markið í stað þess að skora sjálfur.

„Nú getum við sagst hafa unnið báða leikina gegn meisturunum. Hvort sem City eða Liverpool vinnur titilinn þá unnum við báða leikina gegn báðum liðum. Þessi lið verða meistara þannig að við höfum engu að fagna,“ sagði José Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, eftir sigurinn á Anfield.

Staðan er nú þannig í deildinni að Liverpool er með 80 stig og á tvo leiki eftir, Chelsea er með 78 stig og á tvo leiki eftir en Manchester City er með 77 stig og á þrjá leiki eftir.

Vinni Liverpool og Chelsea rest enda bæði lið með 86 stig og ræðst titillinn þá á markatölu. Sem stendur er City átta mörkum á undan Liverpool sem mætir Palace og Newcastle í síðustu leikjum sínum. City á eftir leiki gegn Everton, Aston Villa og West Ham. - tom



SJALDGÆFT Steven Gerrard gerir vanalega ekki mikil mistök. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Costa Brava

Heimsklassa strönd hjá Barcelona

24

tíma tilboð  
gildir frá hádegi  
28. apríl

★★★

**XAINE PARK**

Tvíbýli með hálfu fæði.

7 nætur á  
85.900 kr.

á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn dagana 16.–23. júní.

★★★★

**OLYMPIC PARK**

Tvíbýli með hálfu fæði.

7 nætur á  
95.500 kr.

á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn dagana 4.–11. júlí.

Kynntu þér Costa Brava á uu.is

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19, Kópavogi.  
Sími 535 4000 www.uu.is



# PIZZUTILBOÐ

*Í Iceland færðu úrval af ljúffengum pizzum.  
Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.*



**398** STK.  
THIN & CRISPY OG DEEP PAN  
PIZZUR

**5** **FYRIR** **4**



**398** STK.  
CHICAGO TOWN  
PIZZUR



**998** STK.  
COCA-COLA 4stk



**898** STK.  
CHICAGO TOWN  
PIZZUR

## Glæsilegt úrval af pizzum fyrir kvöldið



**498**

Italian Stonebaked  
Garlic Chicken Pizza



**498**

Italian Stonebaked  
Carbonara Pizza



**498**

Italian Stonebaked  
Speciale Pizza



**498**

Italian Stonebaked  
Spicy Double Pepperoni Pizza



**498**

Italian Stonebaked  
Mediterranean Pizza



**498**

Extra Thin  
The Hot One Pizza



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA

# Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast. Í tilboðinu 5 fyrir 4 er ódýrasta pizzan frí.



## Stöð 2 kl. 19.20 Stóru málin

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fjallað verður um stóru málin í pólitíkinni á borð við skuldastöðu heimilanna, atvinnumál, skattamál og fleiri mikilvæg málefni. Lóa Pind Aldísar-dóttir rýnir í þjóðmálin og fer yfir þau á mannamáli.



## Í KVÖLD



### Spilaborg

**SJÓNVARPIÐ KL. 21.00** House of Cards II er bandarísk þáttaröð um klækjastjórnarmál og pólitíska refsaká þar sem einskis er svífist í baráttunni.



### KR - Grindavík

**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.00** Bein útsending frá leik KR og Grindavíkur í úrslitum Dominos-deildar karla í körfubolta.



### Eldsnögg með Jóa Fel

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.30** Jói Fel er í jólastöð og í þessum sérstaka hátíðarþætti ætla hann að bjóða upp á humar, risarækju og hörpudisk, grillað saman á teini og borðið fram með hvítvínssaffransósu í forrétt.

## Bylgjan kl. 06.50 Í bítið

Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eld-snemma og koma þér af stað alla morgna. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, færðinni, veðrinu og íþróttunum strax í bítið.



MÁNUDAG  
**20:10**

**Nýtt**

## Höfðingjar heim að sækja

### Fyrsti þáttur í kvöld á Stöð 2

Eva Laufey Kjarian tekur hús á skemmtilegum Íslendingum og eldar með þeim dýrindis kræsingar. Hún heimsækir sannkallaða sælkera á borð við Hrefnu Sætran, Gísla Martein, Önnu Svövu, Svavar Örn og Daníel Örn Hinriksson.

365.IS

## STÖÐ 2

- 06.05 Íslenskir ástríðuglæpir
- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 07.01 Waybuloo
- 07.20 Kalli litli kanína og vinir
- 07.40 Ofurhetjusérsvéitin
- 08.05 Malcolm In The Middle
- 08.25 One Born Every Minute
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Smash
- 10.55 Perfect Couples
- 11.20 I Hate My Teenage Daughter
- 11.45 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The X-Factor US
- 15.15 ET Weekend
- 16.00 Ofurhetjusérsvéitin
- 16.25 Mike and Molly
- 16.45 How I Met Your Mother
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Stóru málin
- 19.50 The Goldbergs (1:23)
- 20.10 Höfðingjar heim að sækja
- 20.30 Suits (13:16)
- 21.15 Game Of Thrones (4:10)
- 22.10 The Americans (8:13)
- 23.00 Vice
- 23.30 The Big Bang Theory
- 23.55 The Mentalist
- 00.40 The Smoke
- 01.25 Rake
- 02.10 Boss
- 03.05 American Horror Story
- 03.45 Eastwick
- 04.30 Hellcats
- 05.10 Suits
- 05.50 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 07.00 Valencia - Atletico Madrid
- 14.40 Meistaradeild Evrópu. Atletico Madrid - Chelsea
- 16.25 3. liðið Fjögurra þátta sería sem fjallar um knattspyrnu frá sjónarhorni dómara.
- 16.50 Real Madrid - Osasuna
- 18.30 Spænsku mörkin 2013/14
- 19.00 KR - Grindavík BEINT
- 21.00 Villarreal - Barcelona
- 22.40 Valencia - Atletico Madrid
- 00.20 UFC Now 2014
- 01.05 KR - Grindavík

## SPORT 2

- 11.40 Stoke - Tottenham
- 13.20 WBA - West Ham
- 15.00 Southampton - Everton
- 16.40 PL Classic Matches. Liverpool - Newcastle, 2000
- 17.10 Liverpool - Chelsea
- 18.50 Arsenal - Newcastle BEINT
- 21.00 Messan
- 22.20 Football League Show
- 22.50 Arsenal - Newcastle
- 00.30 Messan

## INN

- 20.00 Frumkvöðlar 20.30 Eldhús meistaranna
- 21.00 Vafrað um Vesturland 21.30 Stormað um Hafnarfjörð

## STÖÐ 3

- 14.05 Simpson-fjölskyldan
- 14.25 Friends
- 14.50 Glee
- 15.35 Hart of Dixie
- 16.15 Pretty Little Liars
- 17.00 Extreme Makeover. Home Edition
- 18.15 Hart Of Dixie
- 19.00 Amazing Race
- 19.45 Bleep My Dad Says (2:18)
- 20.05 Lying Game (7:10) Önnur þáttaröðin um einægga tvíbúrasystur sem voru aðskildar við fæðingu.
- 20.55 Glee 5 (13:20)
- 21.40 The Vampire Diaries (12:22) Þriðja þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampír.
- 22.20 Men of a Certain Age (11:12)
- 23.05 Pretty Little Liars
- 23.50 Nikita
- 00.30 Southland
- 01.10 Amazing Race
- 01.55 Bleep My Dad Says
- 02.15 Lying Game
- 03.00 Glee 5
- 03.40 The Vampire Diaries
- 04.25 Men of a Certain Age
- 05.05 Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

- 07.00 Ævintýri Tinna 07.25 Ljótí andarunginn 07.47 Tommi og Jenni 07.55 Rasmus Klumpur 08.00 Brunabíllarnir 08.23 Latibær 08.47 Ævintýraferðin 09.00 Dóra könnuður 09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 09.45 Doddi litli 09.55 Leyndarmál vísindanna 10.00 Áfram Diego, áfram! 10.24 Svampur Sveinsson 10.45 Hvellur keppnisbíll 10.55 UKI 11.00 Ævintýri Tinna 11.25 Ljótí andarunginn 11.47 Tommi og Jenni 11.56 Rasmus Klumpur 12.00 Brunabíllarnir 12.23 Latibær 12.47 Ævintýraferðin 13.00 Dóra könnuður 13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 13.45 Doddi litli 13.55 Leyndarmál vísindanna 14.00 Áfram Diego, áfram! 14.24 Svampur Sveinsson 14.45 Hvellur keppnisbíll 14.55 UKI 15.00 Ævintýri Tinna 15.25 Ljótí andarunginn 15.47 Tommi og Jenni 15.56 Rasmus Klumpur 16.00 Brunabíllarnir 16.23 Latibær 16.47 Ævintýraferðin 17.00 Dóra könnuður 17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 17.45 Doddi litli 17.55 Leyndarmál vísindanna 18.00 Áfram Diego, áfram! 18.24 Svampur Sveinsson 18.45 Hvellur keppnisbíll 18.55 UKI 19.00 The Lorax 20.25 Sögur fyrir svefninn

## GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.25 Friends
- 18.50 Seinfeld
- 19.15 Modern Family (2:24)
- 19.40 Two and a Half Men (7:19)
- 20.00 Sjálfstætt fólk
- 20.30 Eldsnögg með Jóa Fel (11:12)
- 21.00 Twenty Four (11:24)
- 21.45 Sisters (4:7)
- 22.35 Anna Pihl
- 23.15 Lærkevej
- 00.00 Sjálfstætt fólk
- 00.25 Eldsnögg með Jóa Fel
- 00.55 Sisters
- 01.45 Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

- 10.50 The Three Stooges
- 12.20 Trouble With the Curve
- 14.10 Bridges of Madison County
- 16.25 The Three Stooges
- 17.55 Trouble With the Curve
- 19.45 Bridges of Madison County
- 22.00 Me, Myself and Irene
- 23.55 El Cantante
- 01.50 Predator
- 03.35 Me, Myself and Irene

## RÚV

- 16.40 Herstöðvarlíf (10:23)
- 17.20 Kólabræður
- 17.30 Engilbert ræður
- 17.38 Grettir
- 17.51 Hróturinn Hreinn
- 18.00 Táknafréttir
- 18.10 Ferðastíklur (3:8) (Píngeyjarsýslur)
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veðurfréttir
- 19.30 Íþróttir
- 19.40 Kastljós
- 20.10 Martin Clunes: Hestöflin hamin (Martin Clunes: Heavy Horse Power) Martin læknir bregður sér hér í heldur glaðlegra hlutverk í breskri heimildamynd þar sem hann kynni sér tanningu vinnuhesta í Evrópu og Bandaríkjunum.
- 21.00 Spilaborg (11:13) Atriði í þáttunum er ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Prumusál (Thunder Soul) Heimildamynd um 92 ára gamlan tónlistarsnílling sem með eldmóði sínum og ævintýramennsku tókst að gjörbylta stöðu skólahljómsveitar á áttunda áratugnum.
- 23.40 Skylduverk (1:5) (Line of Duty I)
- 00.40 Kastljós
- 01.05 Fréttir
- 01.15 Dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers (24:26)
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.05 Titanic - Blood & Steel
- 16.55 Judging Amy
- 17.40 Dr. Phil
- 18.20 Top Gear
- 19.10 Rules of Engagement
- 19.35 Cheers (25:26)
- 20.00 Trophy Wife (16:22)
- 20.25 Top Chef (5:15) Það er komið að sjöundu seríunni í þessum stórkemmtilega bandaríska raunveruleikaþætti. Þau Tom Colicchio og Padma Lakshmi fá til sín 17 efnilega matreiðslumenn sem þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu
- 21.10 Hawaii Five-0 (18:22) Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Havai í þessum vinsælu þáttum. Dóttir viðskiptajöfurs er myrt á endurfundamóti hjá Chin og sérsvéitin rannsakar málið.
- 22.00 CSI
- 22.50 The Tonight Show
- 23.35 Law & Order
- 00.20 Agents of S.H.I.E.L.D.
- 01.10 Hawaii Five-0
- 02.00 The Tonight Show
- 02.50 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRSPOURT

- 06.00 Motors TV 14.00 Heracles Almelo - AFC Ajax 16.00 Bayer Leverkusen - Borussia Dortmund 18.00 Heracles Almelo - AFC Ajax 20.00 Bundesliga Highlights Show 20.50 Bundesliga Highlights Show 21.40 Bundesliga Highlights Show 22.30 Motors TV

## Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014 13.00 Golfing World 2014 13.50 LPGA Tour 2014 16.50 PGA Tour 2014 - Highlight 17.45 Golfing World 2014 18.35 Inside The PGA Tour 2014 19.00 PGA Tour 2014

## ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2

## FM 90,9

- Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

## FM 96,3

- FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið

## FM 98,9

- Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 Kaninn

## FM 102,2

- Útv. Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útvarp Boðun



# SNJALLSJÓNVARP FRÁ Panasonic



Fæst hvítt eða sífurritað!

39"

42"

## GLÆSILEG HÖNNUN

Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan LED skjá. Vandað, umhverfisvænt og í orkuflokki A+

Panasonic TXL39E6

119.990

VERÐ ÁÐUR 149.990

Panasonic TXL42E6

129.990

VERÐ ÁÐUR 169.990

### Framúrskarandi myndgæði

100Hz Backlight Blinking tryggir flóktlausa mynd og Vreal Smart örgjörvinn gerir alla myndvinnslu óaðfínanlega.

### Viera Connect WiFi snjallsjónvarp

Með nýjustu Panasonic tækni er boðið upp á allt það besta í samhæfni við net og tölvur. Með „My Home Screen“ getur notandinn aðlagð að sínum þörfum hvað birtist á

skjánum. Swipe & Share 2.0 gerir svo einfalt að senda myndir og myndbönd frá spjalddölvum og snjallsímum yfir á tækið og Microsoft Smooth Streaming technology hámarkar gæði efnis sem náð er í gegnum netið.



„It offers excellent picture quality with good upscaling, deep black levels and natural colors, and packages it up in an attractively slim design“ cnet – Editors choice

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)





## MÁNUDAGSLAGIÐ



Love Hangover með Díönu Ross.

Það er svo seiðandi í byrjun en endar á stuðkafla sem kemur manni í gott skap út alla vikuna segir Sunna Margrét söngkona.

## Færir fótboltamenn úr búningunum


Rákel McMahon opnar einkasýningu á verkum sínum í Stokkhólmi á morgun.

„Ég er að skoða fótbolta sem félagslega athöfn og vettvang til samskipta,“ segir Rákel McMahon myndlistarkona, en hún heldur einkasýningu í Stokkhólmi sem verður opnuð á morgun. „Þetta er málverkasería þar sem leikurinn, leikmenn og áhorfendur verða að myndlíkingu fyrir mun víðara samhengi: kynímyndir, kynhneigð og staðalímyndir. Ég nýti ljósmyndir frá fótboltaleikjum og rýni í líkamstjáningu og samskipti leikmanna. Ég fjarlæggi svo leikvöllinn, búningana og boltann. Þessi smá-

vægilega breyting kúvendir upp-runalegri ímynd leikmannsins sem breytir samtímis ímynd og hlutverki áhorfandans,“ útskýrir Rákel. Hún hefur haldið fjölda sýninga hér á landi en þetta er hennar fyrsta einkasýning í útlöndum. „Ég hef verið að vinna að þessu í um það bil ár. Það sem vakti áhuga minn voru samskipti og hegðun karlmanna fyrst og fremst í tengslum við fótbolta. Fótboltinn og menningin í kringum leikinn virðist vera vettvangur til þess að vekja upp og/eða leysa úr læðingi allan tilfinninga-

“Ég nýti ljósmyndir frá fótboltaleikjum og rýni í líkamstjáningu og samskipti leikmanna. Ég fjarlæggi svo leikvöllinn, búningana og boltann.

skalann,“ segir Rákel og segir að verkin beini sjónum að viðkvæmum hvötum og mannlegum tilfinningum. Sýningin ber heitið „View of Motivation“ og mun standa yfir í Nau Gallery í Stokkhólmi til 22. maí. -ósk



VARPAR NÝJU LJÓSI Á FÓTBOLTA

Rákel McMahon færir fótboltakappa í annað samhengi sem verður stundum tvírátt.

MYND/ÚR EINKASAFNI



FLOTTIR Hljómsveitin Skálmöld komst í myndaalbúm á hinnu virtu síðu Rolling Stone undir yfirskriftinni, Flottustu tónleikamyndir ársins.

## Flottustu tónleikamyndir ársins

Hljómsveitin Skálmöld komst í myndaalbúm Rolling Stone á dögunum en í alúminu er að finna flottustu tónleikamyndir ársins að mati tímaritsins.

„Þetta er gríðarlega hressandi og það er ekki leiðinlegt að vera í svona flottum hópi listamanna,“ segir Baldur Ragnarsson, gítarleikari Skálmaldar, en hljómsveitin minnti heldur betur á sig á vefsíðu bandaríska tímaritsins The Rolling Stone fyrir skömmu, þegar tímaritið birti myndaalbúm á vefsíðu sinni undir yfirskriftinni Flottustu tónleikamyndir ársins en þar á meðal voru okkar menn í Skálmöld.

Að vísu er Baldur aðalpersóna myndarinnar – eru hinir meðlimirnir ekkert ófundsjúkir? „Nei, nei, þeir hljóta að fagna því að geta djöflast aðeins í mér,“ segir Baldur léttur í lundu.

Myndin er tekin í Borgarleikhúsinu í Reykjavík þann 23. apríl síðastliðinn en þar hefur sveit-

in komið fram að undanförunu í sýningunni Baldri en sýningin er byggð á plötunni Baldri sem Skálmöld sendi frá sér árið 2010.

Í sama myndaalbúmi má finna marga af þekktustu tónlistarmönnum heimsins eins og Damon Albarn, Boy George, Kings of Leon, Shakiru, Arcade Fire og marga fleiri. „Það er gaman að sjá að sýningin vekur athygli utan landsteinanna.“

Vissu meðlimir Skálmaldar af þessu? „Ljósmyndarinn, Matthew Eisman sem tók myndina sagðist vera að taka myndir fyrir erlent tímarit en sagði okkur ekki nafnið. Hann var finn náungi og mikill fagmaður en hann hvarf svo bara og við vissum ekki meira fyrr en við sáum þetta á netinu,“ bætir Baldur við.

-glp



LIFIR FYRIR TÓNLISTINA Rannveig Marta Sarc er hæfileikarík tónlistarkona. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Slógust um Rannveigu

Rannveig Marta Sarc er 18 ára fiðluleikari en hún komst inn í sex mismunandi tónlistarháskóla í Bandaríkjunum og valdi Juilliard, sem bauð henni fullan styrk.

„Þetta var alveg það skemmtilegasta sem ég hef gert á ævinni,“ segir Rannveig Marta Sarc en hún sótti um í sex tónlistarháskóla í Bandaríkjunum og fékk inngöngu í þá alla. „Ég ákvað að fara í Juilliard eftir að þeir buðu mér fullan skólstyrk,“ segir Rannveig en skólarnir þurftu að bjóða sja á milli í unga fiðluleikarann. „Ég fékk tilboð frá Juilliard og síðan annað betra frá Oberlin Conservatory þannig að þegar ég sagði þeim frá því tilboði þá buðu þeir mér bara hærra,“ segir Rannveig en hún þarf þá ekki að borga nein skólagjöld alla sína skólagöngu í Juilliard. „Ég skil ekki alveg hvernig það gerðist,“ segir fiðluleikarinn og hlær.

„Það var samt ótrúlega erfið ákvörðun að velja skóla því þeir eru allir frábærir og hafa sína

kosti og galla,“ segir Rannveig en hún vildi velja skóla á réttum forsendum. „Ég valdi Juilliard en ekki bara út af nafninu, þar var kennari sem mér leist á og svo buðu þeir mér þennan styrk og þá lá þetta bara fyrir.“ Rannveig hefur spilað á fiðlu síðan hún var fjögurra ára en Guðný Guðmundsdóttir hefur kennt henni í Tónlistarskólanum í Reykjavík undanfarnir sex ár. Rannveig segist samt ekki hafa verið mjög áhugasöm um tónlist í byrjun. „Báðir foreldrar mínir eru tónlistarmenn og mér fannst stundum eins og það væri verið að ýta mér út í þetta og þá streittist ég á móti,“ segir Rannveig. „Síðan fyrir svona þremur árum kviknaði áhuginn fyrir alvöru og þá gat ég ekki hugsað mér lífið án tónlistar.“ Ferðalag Rannveigar á milli

“Maður þarf að spila eins vel og maður getur við mjög stressandi kringumstæður.

háskólanna segir hún hafa stundum geta tekið á. „Að ferðast einn allan tímann og hugsa um alla þessa hluti en samt að þurfa að halda einbeitingunni getur tekið á,“ segir Rannveig. „Maður þarf að spila eins vel og maður getur við mjög stressandi kringumstæður.“ Ungi fiðluleikarinn byrjar í Juilliard í haust og segist Rannveig vera mjög spennit fyrir að flytja út til New York. „Fyrsta árið bý ég á heimavistinni, síðan flytur maður kannski í miðbæinn,“ segir Rannveig Marta og hlær.

baldvin@frettabladid.is

SIEMENS

SIEMENS  
Þvottavél

WM 12B060DN

Íslenskt stjórnborð.  
Tekur mest 5,5 kg.  
Vindur upp í 1200 sn./mín.  
Þvottakerfi og hiti valin með einum snerli.  
Orkuflokkur A+.  
Sérkerfi: Hraðkerfi 30 mín., ullarþvottur og viðkvæmur þvottur/silki.

Gildir til 30. apríl eða á meðan birgðir endast.

Sértilboð:

79.900 kr. stgr.

Fullt verð: 99.900 kr.



Ariel fljótandi þvottaefni fylgir með öllum Siemens þvottavélum.

SMITH &  
NORLANDNóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is





ENNEEM / SIA / NM6607

## Það er gott hjá þér að hugsa fram í tímann fyrir þá sem treysta á þig

### LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGING FYRIR ÞIG OG FÓLKIÐ ÞITT

Það er gott hjá þér að hugsa um heilsuna á hverjum degi, því þú veist að hún skiptir öllu máli, bæði fyrir þig og þá sem treysta á þig. Taktu næsta skref í dag

og láttu líf- og sjúkdómatryggja þig. Hafðu samband og starfsfólk VÍS veitir þér persónulega ráðgjöf. **VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.**

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | Sími 560 5000 | [VIS.IS](http://VIS.IS)

LÍFTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sigraði í stóru móti í Austurríki

Módelldress-keppandinn **Katrín Edda Þorsteinsdóttir** gerði sér lítið fyrir og sigraði í fitnessmóti Austrian Championship, sem fram fór í Austurríki á dögunum. Mótið er stórt og sigurinn því sérstaklega sætur.

„Ég er að springa úr stolti, hún á eftir að ná langt í sportinu ef hún heldur áfram á þessari braut,“ segir Konráð Valur Gíslason, þjálfari Katrínar Eddu.

Hún sigraði ekki aðeins í sínum hæðarflokki, því hún var einnig heildarsigurvegari á móti. Eftir mótið í Austurríki hélt hún af stað til Ungverjlands og keppir þar á öðru móti sem heitir Hungarian Cup.

Katrín Edda, sem búsett er í Þýskalandi, varð í öðru sæti á Íslands-  
móti í módelldress sem fram fór í Háskólabíói 18. apríl.

- glp



### Mikið um dýrðir í Ljónagryfjunni

Mikið var um að vera í Ljónagryfju Reykjavíkurdætra, sem er nafn á listahátíðinni sem fram fór á Celtic Cross um helgina. Um er að ræða listahátíð sem stúlknappsveitin Reykjavíkurdætra sá um.

Margir þjóðþekktir einstaklingar lyftu sér upp á hátíðinni en einstaklingar á borð við bræðurna Unnstein Manuel og Loga Pedro Stefánssyni, **Unni**

**Eggertsdóttur**, Alexander Briem og Árna Vilhjálmsson létu sig ekki vanta. Þá flutti Steinunn Ása Þorvaldsdóttir ljóð á hátíðinni sem vakti mikla lukku.

Mikil aðsókn var á hátíðina og komust færri að en vildu og má því segja að hátíðin hafi gengið vonum framár. - glp



### Mest lesið **VÍSIR**

- Ómar ósáttur við starfsmenn tollstjóra sem opnuðu einkabréf
- Alvarlega slasaður eftir umferðarslysi á Hellisheiði
- „Svo mikil fyrirlitning á skoðunum annarra að ég get ekki samsamað mig með slíku fólki“
- Barnaniðingar munu fá sömu meðferð og hryðjuverkamenn

## LG BOGIÐ OLED SJÓNVARP

Heimsins fyrsta bogna OLED sjónvarpið



**Sjónvarpsmiðstöðin**  
SÍÐUMÚLA 2 • WWW.SM.IS

# 50% AFSLÁTTUR 3 DAGAR EFTIR!

## LÝKUR Á MIÐVIKUDAG

### Á HVERJUM DEGI VELJUM VIÐ EINA TEGUND AF RÚMI OG SELJUM MEÐ 50% AFSLÆTTI

Í DAG ER ÞAÐ CELESTIAL DIAMOND

FULLT VERÐ 331.233 Kr.


**NÚ 165.615 Kr.**

MEÐ 50% AFSLÆTTI

TILBOÐIÐ GILDIR MEÐAN BYRGÐIR ENDAST

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
ROYAL TEXTILE LÖKUM

GILDIR MEÐAN BYRGÐIR ENDAST



VIÐ GERÐUM ÞETTA Á SÍÐASTA ÁRI  
OG GERUM AFTUR NÚNA  
KOMDU STRAX AF ÞVÍ AÐ ÞETTA  
TILBOÐ GILDIR BARA Í DAG



**CELESTIAL DIAMOND**  
King size (183x203 cm)

# rekkjan

H E I L S U R Ú M